FRÉTTABLAÐIÐ
71. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 24. MARS 2016



# Bar ekki siðferðisleg skylda til að segja frá

**Sigmundur Davíð** segir eiginkonu sína ekki vilja fjárfesta á Íslandi meðan hann sé í stjórnmálum. Það bjóði upp á árekstra. Forsætisráðherra ræðir siðareglur og hagsmuni og kveðst til í að setjast niður með Kára Stefánssyni og ræða málin. ➜16

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## Hjólar til sigurs með höndunum ➜6




## Ljósið er brú út í lífið á ný ➜20



## Hvað er málið með alla þessa strigaskó? ➜32

PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

LYFJA – Lífið heil
Gleðilega páska
lyfja.is
Opið alla páskana
Verslanir Lyfju í Lágmúla og Smáratorgi verða opnar frá kl. 8–24 alla páskana, einnig á föstudaginn langa og á páskadag.

Gleðilega páska
Opið frá 13–18

SMÁRALIND

## Veður




Páskarnir byrja með vætu um allt land, ýmist skúrir eða él í öllum landshlutum og hvessir suðaustanlands, suðvestan 13-18 m/s í kvöld. Fyrri hluta dags ætti þó að vera hægur vindur og þurrt fyrir norðan. Kólnar í veðri. SJÁ SÍÐU 24



Jón Gnarr snýr aftur í Ráðhús Reykjavíkur í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Borgarstjórinn lánar Jóni Gnarr skrifstofu sína

**FÓLK** Í síðustu viku voru kynntar í borgarráði fyrirhugaðar upptökur á sjónvarpsþættinum Borgarstjórinn sem fram fara í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að hann muni alveg örugglega lána Jóni Gnarr, forvera sínum, skrifstofuna sína fyrir upptökur.

„Það er starfsemi hér í Ráðhúsinu frá morgni til kvölds en við munum sýna lipurð eins og við getum,“ segir Dagur og bætir við að Jón Gnarr muni koma til með að vera daglegur gestur Ráðhússins með vorinu.

Að sögn Ellýjar Katrínar Guðmundsdóttur borgarritara er gert ráð fyrir því að upptökurnar verði frá í maí og fram í júní.

„Það verða ekki upptökur á hverjum degi en við leggjum áherslu á að það verði mikið tekið upp um helgar þegar fólk er ekki að vinna svo að það verði sem minnst röskun,“ segir Ellý. – þv

> Við leggjum áherslu á að það verði mikið tekið upp um helgar þegar fólk er ekki að vinna.
>
> Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarritari

# Íslenskur NBA-leikmaður skráði sig í HeForShe



Pétur Guðmundsson var heiðursgestur á kynningu fyrir úrslitakeppnina í Domino's-deild kvenna í körfubolta í gær. Á fundinum skráði Pétur sig í HeForShe. Hér talar Pétur við Ingu Dóru Pétursdóttur, framkvæmdastýru UN Women á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þráast við og fær dagsektir

**STJÓRNSÝSLA** Áhugaljósmyndara, sem birti myndir af stúlku á vefsíðu án leyfis hennar, er gert að greiða dagsektir því hann hefur ekki fjarlægt myndirnar.

Stúlkan hafði reynt fyrir sér sem fyrirsæta og því haft samband við áhugaljósmyndarann sem hafði óskað eftir því að mynda stúlku með áhuga á fyrirsætustörfum. Maðurinn birti síðan myndirnar á netinu án samþykkis hennar.

Persónuvernd lagði í desember 2014 fyrir ljósmyndarann að fjarlægja myndirnar af stúlkunni. Birting myndanna á netinu var talin brjóta gegn persónuverndarlögum.

Ljósmyndarinn hefur ekki enn fjarlægt myndirnar af vefsíðunni og ákvað Persónuvernd í gær að leggja á hann dagsektir frá 1. mars síðastliðnum. Upphæð sektanna nemur 10 þúsund krónum fyrir hvern dag sem líður án þess að maðurinn fjarlægi myndirnar. – þv

# Segir Börk hafa sætt harðræði á Hrauninu

**Annþór Karlsson og Börkur Birgisson voru í gær sýknaðir af því að hafa valdið dauða samfanga síns. Verjandi Barkar segir málflutning ákæruvaldsins litaðan. Hann hafi gripið inn í þá meðferð sem Börkur sætir í fangelsinu á Litla-Hrauni.**

**DÓMSMÁL** „Það verður að segjast alveg eins og er að það búið að fara mjög illa með minn skjólstæðing í fangelsi,“ segir Sveinn Guðmundsson, verjandi Barkar Birgissonar. Börkur var í gær sýknaður, ásamt Annþóri Karlssyni, af ákæru um líkamsárás sem á að hafa leitt Sigurð Hólm Sigurðsson til dauða í fangaklefa hans á Litla-Hrauni.

Sveinn telur málatilbúnað ákæruvaldsins litaðan af því að Börkur og Annþór eru alræmdir og hafa hlotið dóma fyrir ofbeldisbrot áður.

„Ég held að það sé nokkuð ljóst að það hefur litað málið hverjir þeir eru. En þeir fengu réttlætinu fullnægt. Dómararnir fengu öll gögn til að meta þetta hlutlægt og þetta er niðurstaðan, alveg í samræmi við gögnin í málinu,“ segir Sveinn.

Að sögn Sveins hefur verið illa komið fram við Börk í fangelsisvistinni.

„Þegar hann hefur verið að fá heimsóknir frá móður sinni og ungum syni hefur hann verið látinn berhátta sig í hvert sinn og á honum leitað innanklæða án snertingar, án þess að nokkur þörf sé á því. Þetta er handahófskennd aðgerð í fangelsi en þessu þurfti hann að sæta mánuðum saman. Þegar ég komst að þessu þurfti ég að bregðast við svo þessu yrði hætt,“ segir Sveinn.

Þá hafi verið leitað á Berki í tengslum við réttarhöldin. „Þegar hann var hér í réttarhléi og þurfti að fara á Hraunið í hádegismat var hann látinn berhátta sig og leitað á honum innanklæða. Til hvers? Hver átti að hafa borið nokkuð í hann? Fyrir utan að hann er ekki á fíkniefnum.“

Sveinn kom að málinu þegar það var á leið til aðalmeðferðar. Hann segir að þá hafi vantað gögn í málið sem ekki þóttu skipta máli, þar á meðal rýmis- og símahlustun og 22 skýrslur vitna. „Öll gögn skipta máli, sama hversu ómerkileg þau eru. Ef rýmishlustun og símahlustun segja ekkert þá er verið að segja okkur að þeir voru ekki að tala sig saman um neitt sem sneri að málinu.“

Fjölskipaður Héraðsdómur Suðurlands komst að þeirri niðurstöðu að þó líklegt væri að rifið milta hefði dregið Sigurð Hólm til dauða, og það orðið vegna ytri áverka, hefði ekki tekist að sanna að Börkur og Annþór hefðu þar verið að verki.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari í málinu, segir að lagst verði yfir málið eftir páska og tekin ákvörðun um hvort áfrýjað verði til Hæstaréttar. snaeros@frettabladid.is



Börkur Birgisson var í gær sýknaður af því að hafa valdið dauða Sigurðar Hólm Sigurðssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þegar hann var hér í réttarhléi og þurfti að fara á Hraunið í hádegismat var hann látinn berhátta sig og leitað á honum innanklæða.
>
> Sveinn Guðmundsson verjandi



MYNDBANDAGERÐ MEÐ
ADOBE PREMIERE PRO
FRÁBÆRT VERKFÆRI TIL AÐ KLIPPA OG HANNA EIGIN MYNDBÖND EÐA STUTTMYNDIR.
HEFST 3. MAÍ



www.ntv.is
ntv
Nýi tölvu-og viðskiptaskólinn

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ
AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ
AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ

# PÁSKAR
# AFMÆLISTILBOÐ

60 ÁRA 1956 - 2016

Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli

Gerðu betri kaup
blómaval



**Páskagreinar** 799kr

**Páskaliljur í pottum** 499 kr/stk
Tet a tet
Keramik pottar fylgja ekki

**Páskaliljur 10 stk.** 990kr
Meðan birgðir endast

**Túlipanar 10 stk.** 1.290kr

## Afgreiðslutími um páskana

**Skútuvogur**
Skírdagur .......... 10-19
Föstudagurinn langi .......... Lokað
Laugardagur 26. mars .......... 10-18
Páskadagur .......... Lokað
Annar í páskum .......... 11-17

**Grafarholt**
Skírdagur .......... 10-18
Timbursala lokuð
Föstudagurinn langi .......... Lokað
Laugardagur 26. mars .......... 10-18
Páskadagur .......... Lokað
Annar í páskum .......... Lokað

Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is



Betra verð

weber
62.900kr
**Gasgrill**
Weber Q2200. Flott gasgrill á fótum.
Grillflötur: 54 x 39 cm
3000378



weber
41.900kr
Gott verð
**Gasgrill**
Weber Q1200
Frábært heima eða í ferðalagið.
Grillflötur: 32x42 cm
3000376



20% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
19.120kr
~~23.900~~
**Gasgrill**
Outback Omega 100.
2ja brennara. Grillflötur: 50x36 cm
3000226
OUTBACK



20% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
15.900kr
~~19.900~~
**Gasgrill**
Outback gasgrill, 2ja brennara.
Grillflötur: 50x36 cm
3000225
OUTBACK

№30
2016

Listahátíð
í Reykjavík

HARPA

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Hátindar á ferli Helga

## San Francisco ballettinn í fyrsta sinn í Eldborg



**Tryggðu þér sæti tímanlega**
Miðasala er hafin á harpa.is & tix.is

San Francisco ballettinn, undir stjórn Helga Tómassonar, sýnir valda kafla úr nokkrum af dáðustu verkum flokksins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28. — 30. maí í Eldborgarsal Hörpu.

Lárusson Hönnunarstofa


Stofnaðilar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavíkurborg

Styrktaraðilar

Icelandair

Arion banki

Center Hotels

Lexus







## Komu vorsins fagnað með litum og kærleika



Indverskir lífskúnstnerar smyrja lituðu púðri á andlitin til að fagna Holi-hátíðinni á Indlandi. Holi er hátíð lita og kærleika og er haldin til að fagna komu vorsins og sigri hins góða yfir hinu illa. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vann Evrópukeppni í handahjólreiðum

**Afrekskonan og Ísfirðingurinn Arna Sigríður Albertsdóttir kom heim á fimmtudaginn með 1. og 2. verðlaun úr keppni í Evrópumótaröðinni í handahjólreiðum sem haldin var í Abú Dabí. Arna stefnir á Ólympíuleika fatlaðra í ár.**

**ÍÞRÓTTIR** Ég keppti í tveimur greinum á mótinu. Önnur var í tímatöku og þar var ég 12 sekúndum frá þeim fyrsta. Hina vann ég, hún var í götuhjólreiðum, þá hjóluðu allir eins langt og þeir gátu á klukkutíma og svo einn hring að auki á Yas Marina Circuit kappakstursbrautinni,“ segir Arna Sigríður Albertsdóttir.

Handahjólreiðakeppnin sem Arna tók þátt í í Abú Dabí tilheyrir Evrópumótaröðinni. Um 30 stiga hiti var á mótsstað og voru það talsverð viðbrigði fyrir Íslendinginn.

„Þeir sem keppa í handahjólreiðum eru flestir með mænuskaða en á mismunandi skala, aðrir hafa misst fót eða fætur. Keppt er í nokkrum flokkum, eftir því hvernig fötlunin er. Sumir hafa ekki fullan styrk í höndum, aðrir eru með pínu styrk í fótum og svo skiptir máli hvort hægt er að nota bak- eða magavöðva upp á jafnvægið,“ segir hún.

Arna lenti í skíðaslysi í Noregi 2006 sem olli mænuskaða. Hún er lömuð frá brjósti auk þess að hafa bara 75 prósent lungnavirkni. Hún keppti nú í flokki með 54 öðrum með svipaða getu, þar af fimm konum.



Arna er eini Íslendingurinn sem keppir í handahjólreiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Arna segir handahjólreiðar nýlega keppnisgrein sem sæki ört á, einkum í Evrópu, og stefni í að verða sú vinsælasta á Ólympíuleikum fyrir hreyfihamlaða.

Sjálfa dreymir Örnu um þátttöku á Ólympíumóti fatlaðra í Rio de Janeiro í september.

Eftir rúmlega 20 tíma ferð frá Abú Dabí gisti Arna bara eina nótt í íbúð sinni hér syðra áður en hún hélt landleiðina vestur á Ísafjörð að halda páskahátíð með fjölskyldunni. Hún tók hjólið með til að taka nokkrar salíbunur í Bolungarvíkurgöngunum. gun@frettabladid.is

# SMJÖRSPRAUTAÐ KALKÚNASKIP




## Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarin áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.




*Páskalambið*

### Hagkaups Veislulæri

með ferskum kryddjurtum eða trufflumarineringu




*Einfaldara verður það ekki!*

### Fyllt hátíðalæri

Lærin eru úrbeinuð og fást með 3 tegundum af fyllingum:

• Döðlur og gráðaostur • Fíkjur, engifer og kanill • Franskur Camembert

## EINFALDLEGA MEIRA ÚRVAL










**24 Hagkaup**

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*




**Hagar höfðu fengið 315 milljóna sekt í mjólkurmálinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Hagar greiði 219 milljónir í sekt

**VIÐSKIPTI** Hagar, eigandi Bónuss, voru í gær dæmdir í Héraðsdómi Reykjaness til að greiða Norvik 219 milljónir króna í skaðabætur vegna svokallaðs mjólkurverðstríðs sem stóð yfir á árunum 2005-2006.

Krónan, sem þá var í eigu Kaupáss, og Bónus kepptust um að bjóða lægsta verðið á mjólkurvörum. Samkeppniseftirlitið hafði áður sektað Haga um 315 milljónir króna vegna mjólkurverðstríðsins.

Samkeppniseftirlitið taldi Haga hafa misnotað markaðsráðandi stöðu með því að selja mjólkurvörur undir kostnaðarverði. Bent var á að Hagar hefðu sagst hafa tapað um 700 milljónum í verðstríðinu. Brotin hefðu verið til þess fallin að veikja keppinauta þeirra á markaði.

Málið var höfðað 2012 en í millitíðinni seldi Kaupás Krónuna til Norvikur.

Hagar hyggjast áfrýja málinu til Hæstaréttar Íslands. **– ih**


TAKK

HERTEX
Fata og Nytjamarkaður


# Tæpum þremur milljörðum úthlutað til ferðamannastaða

Á árinu verður 647 milljónum króna úthlutað til 66 verkefna víða um land. Hæstu styrkir fara til verkefna við Dynjanda, Geysi, Skaftafell og Dettifoss. Þriðjungur fjármagnsins, sem veitt var til verkefna frá 2012 til 2015, er enn bundinn í sjóðnum. Ef sýnt er að verkefni séu ekki að fara af stað munu styrkir verða afturkallaðir.

**FERÐAMÁL** Alls verður 647 milljónum króna úthlutað til sextíu og sex verkefna hringinn í kringum landið úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á árinu.

Hæstu einstöku styrkirnir nema þrjátíu milljónum og voru veittir til verkefna við Dynjanda, Geysi, Skaftafell og Dettifoss. Fimmtíu og einni milljón er úthlutað sérstaklega af ráðherra til brýnna verkefna vegna öryggis á ferðamannastöðum að tillögu Stjórnstöðvar ferðamála.

Frá 2012-2015 veitti Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrki sem nema 2,2 milljörðum króna. Sjóðurinn hefur greitt út 1,4 milljarða króna. Enn þá er töluvert af fjármunum bundið í sjóðnum vegna verkefna sem annaðhvort eru ekki hafin eða er ekki lokið, eða sem nemur 829 milljónum króna. Þar af standa 425 milljónir eftir vegna úthlutana á árinu 2015.

Helstu ástæður sem gefnar eru fyrir töfum eru skipulagsmál, tímafrek hönnunarvinna, deilur milli landeigenda, skortur á mótframlagi og skortur á verktökum eða mannafla til að vinna verkin.

„Þessa urðum við áskynja fyrir ári þegar við vorum í fjárlagagerðinni að meta þörfina fyrir þetta ár. Þá sáum við að eftir voru 1.200 milljónir í sjóðnum sem höfðu ekki farið í vinnu í rauninni. Í kjölfarið breyttum við reglum sjóðsins og þessi úthlutun núna er sú fyrsta sem tekur mið af nýjum reglum,“ segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

„Það voru nokkrar breytingar einmitt miðaðar að því að bæta eftirfylgnina og tryggja að fjármunum sé veitt til verkefna sem eru tilbúin. Þegar búið er að skipuleggja og hanna verkefnin og þau komin á framkvæmdastig. Það er hluti af þessum 800 milljónum að fólk var að sækja um í verkefni sem var óraunhæft að gætu hafist. Þau sem hafa fengið styrk úr sjóðnum til verkefna sem annað hvort ekki lokið eða ekki farin af stað fá ekki frekari styrki fyrr en þau eru búin að sjá fram á að ljúka verkefnunum. Ef sýnt er að verkefni séu ekki að fara af stað munum við afturkalla þá styrki," segir Ragnheiður Elín.

**saeunn@frettabladid.is**

### Fjármagn til ferðamannastaða 2016




*Heimild: Ferðamálastofa*

**Ef sýnt er að verkefni séu ekki að fara af stað munum við afturkalla þá styrki.**

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra



**1,4**

**milljarðar hafa verið greiddir út úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.**








**Frumvarpið er sagt andóf við einkavæðingarstefnu stjórnvalda.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Þingmenn vilja algjört bann við arðgreiðslum

**ALÞINGI** Óheimilt verður að semja við einkaaðila um rekstur heilsugæslu eða á heilbrigðisstofnun nema með samþykkt Alþingis og bann lagt við arðgreiðslum, samkvæmt frumvarpi til breytinga á lögum um sjúkratryggingar.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og fimm aðrir þingmenn Samfylkingarinnar leggja frumvarpið fram. Í greinargerð segir að með því sé brugðist við stefnu ríkisstjórnarinnar um frekari einkarekstur í grunnþjónustu velferðarkerfisins.

Við þessar breytingar þyrfti ráðherra skýrt umboð Alþingis hverju sinni til að semja við einkaaðila um rekstur mikilvægra stoða heilbrigðiskerfisins. Að óbreyttu geti ráðherra tekið stefnumótandi ákvarðanir fyrir heilbrigðiskerfið án þess að bera þær undir þingið.

Vitnað er til könnunar frá því í apríl 2013 þar sem 80 prósent aðspurðra vildu að rekstur heilbrigðisþjónustu yrði fyrst og fremst á vegum hins opinbera, og til þess að ýmsir fræðimenn hafi bent á að einkarekstur í heilbrigðiskerfi auki frekar heildarkostnað en að hann dragi úr.

Í frumvarpinu er lagt til skilyrðislaust bann við arðgreiðslum þegar gerðir eru samningar um heilbrigðisþjónustu og varðar það alla samninga um heilbrigðisþjónustu sem gerðir eru á grundvelli laga um sjúkratryggingar.

„Skattfé sem Alþingi hefur ákveðið með fjárlögum að nýta skuli í heilbrigðiskerfinu á með sönnu að nýta þar,“ segir jafnframt og að „ef afgangur er í rekstri einkaaðila sem samið hafa um reksturinn við ríkið ber að nýta þann afgang til fjárfestingar í rekstrinum og auka þannig gæði þjónustunnar, bæta umbúnað sjúklinga, starfsskilyrði og menntun starfsfólks og stuðla með því að betri heilbrigðisþjónustu sem nýtir almannafé á ábyrgan hátt.“ **– shá**




DEBENHAMS

ENN MEIRI
LÆKKUN

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM

*Vor-*
ÚTSALA

KONUR • *herrar* • BÖRN • *skór*

**OPIÐ Í DAG 13:00 – 18:00**
Lokað á föstudaginn langa, 25. mars
Opið laugardaginn 26. mars 11:00 – 18:00

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

# Fundu búnað til sprengjugerðar í húsleit

**Annar Bakraoui-bræðranna sagðist ráðþrota og hræddur við að lenda í fangelsi. Yfirlýsing frá Brahim Bakraoui fannst í tölvu, sem hann henti í ruslið. Fjórða mannsins er enn leitað. Abdeslam, sem handtekinn var á föstudag, mun hafa ætlað að taka þátt í árásinni í Brussel.**



Hermenn leita á vegfarendum í Brussel, daginn eftir sjálfsvígsárásirnar á Zaventem-flugvellinum og Maelbeek-lestarstöðinni. NORDICPHOTOS/AFP

**BELGÍA** Lögreglan í Brussel fann í gær búnað til sprengjugerðar í húsi í Schaerbeek-hverfinu í norðurhluta borgarinnar. Ljóst þótti að bræðurnir Khalid og Ibrahim el Bakraoui hefðu, ásamt félögum sínum, notað húsnæðið við undirbúning hryðjuverkanna á þriðjudag.

Lögreglan fann þar meðal annars tölvu sem annar bræðranna, Ibrahim, hafði notað en hent í ruslið. Á tölvunni var að finna eins konar yfirlýsingu, þar sem hann segist vera á flótta og ekki geta hugsað sér að lenda í fangelsi: „Ég veit ekki hvað ég á að gera. Ég er að flýta mér. Ég er á flótta. Menn eru að leita að mér alls staðar. Og ef ég gef mig fram þá enda ég í fangelsi.“

Ibrahim, eða Brahim eins og hann er einnig nefndur, er sá sem sprengdi sig í loft upp á flugvellinum í Brussel. Hinn bróðirinn, Khalid, sprengdi sig á lestarstöðinni.

Samtals myrtu þeir, ásamt þriðja manninum sem einnig sprengdi sig á flugvellinum, meira en 30 manns.

Fjórði maðurinn, Najim Laachraoui, komst undan og var hans ákaft leitað í gær. Hann er talinn hafa verið sprengjusérfræðingurinn í hópnum og sást á flugvellinum í Brussel ásamt öðrum Bakraoui-bróðurnum og þriðja manni, sem einnig sprengdi sig í loft upp.

Laachraoui virðist hafa verið með stærstu sprengjuna, en af einhverjum ástæðum sprakk hún ekki og hann lét sig hverfa.

Fjölmiðlar í Belgíu héldu því fram í gærmorgun að Laachraoui hefði verið handtekinn í Anderlecht-hverfinu í Brussel, en þær fregnir voru bornar til baka. Annar maður var handtekinn þar og yfirheyrður í tengslum við árásirnar.

Talið er að Salah Abdeslam, sá sem handtekinn var í Brussel í síðustu viku, hafi líklega ætlað sér að taka þátt í hryðjuverkaárás í Brussel með félögum sínum, sem síðan létu til skarar skríða á þriðjudaginn. Þetta hefur bandaríska fréttastöðin CNN eftir belgískum embættismanni.

Salah hefur verið í yfirheyrslum og veitt lögreglunni margvíslegar upplýsingar, bæði um árásirnar í Brussel á þriðjudaginn og árásirnar í París í nóvember, sem kostuðu 130 manns lífið. Salah tók sjálfur þátt í árásunum í París en sprengdi sig á endanum ekki í loft upp, þótt talið sé að hann hafi upphaflega ætlað að gera það.

Bróðir hans, Brahim Abdeslam, var hins vegar einn þeirra sem drápu sig í París.

**gudsteinn@frettabladid.is**

## Hetjudraumar og ævintýraþrá

Í skýrslu frá evrópsku lögreglustofnuninni Europol frá í janúar síðastliðnum segir að evrópskir hryðjuverkahópar, sem kenna sig við Íslamska ríkið, séu að mestu „heimaræktaðir“ og staðbundnir.

Þá segir í skýrslunni að stór hluti þeirra Evrópubúa, sem haldið hafa til liðs við Íslamska ríkið í Sýrlandi eða Írak, hafi áður greinst með geðræn vandamál. Margir þeirra hafi auk þess áður komist í kast við lögin, ýmist fyrir smáglæpi eða stærri afbrot.

Þar segir einnig að trúarleg áhrif hafi að stórum hluta vikið fyrir félagslegum þáttum þegar skoðað er hvað hreki einstaklinga út á þessar brautir. Þar skipti jafningjaþrýstingur og félagslegar fyrirmyndir meira máli en trúarlegar pælingar.

„Auk þess gætu rómantískar væntingar um að vera þátttakandi í mikilvægum og spennandi atburðum átt hlut að máli,“ segir í skýrslunni. „Sjálfsvígssprengjumenn líta frekar á sig sem hetjur en trúarlega píslarvotta.“

> **Menn eru að leita að mér alls staðar. Og ef ég gef mig fram þá enda ég í fangelsi.**
>
> Ibrahim el Bakraoui, belgiskur sjálfsvígssprengjumaður


FÉLAG ÍSLENZKRA SÍMAMANNA F·Í·S

## Stjórnarkjör

Skv 34. grein félagsins skal tveim mánuðum fyrir aðalfund ár hvert auglýsa frest til framboðs í trúnaðarstöður samkvæmt 23. og 24. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi, auk þess fjórir menn til vara. Einnig skal kjósa þrjá menn í trúnaðarráð og þrjá til vara, tvo endurskoðendur og einn til vara og tvo menn í kjörstjórn.

Til að bera fram lista eða tillögu til stjórnarkjörs, trúnaðarráðs eða annarra trúnaðarstarfa, þarf skriflega staðfestingu þeirra sem á listanum eru. Komi aðeins fram einn listi eða tillaga um menn í trúnaðarstöður, þarf kosning ekki að fara fram.

**Umsóknarfrestur er til 10. apríl 2016**

Umsóknum skal skila til skrifstofu félagsins Stórhöfða 31 merkt: Stjórnarkjör FÍS

*Stjórn Félags íslenskra Símamanna*


# Verja 430 milljónum í umferðaröryggi



60 milljónum verður varið í merkingar við einbreiðar brýr. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin, Samgöngustofa og Ríkislögreglustjóri munu verja 430 milljónum króna til margvíslegra aðgerða á sviði umferðaröryggis á árinu.

Að ósk Ólafar Nordal innanríkisráðherra settu þessar tvær stofnanir og Ríkislögreglustjóri fram breyttar áætlanir og tillögur að verkefnum er lúta að umferðaröryggi þar sem ekki eru markaðar fjárveitingar í verkefnið á þessu ári í samgönguáætlun áranna 2013 til 2016.

Samgöngustofa mun nota átján milljónir króna í umferðaröryggisverkefni auk þess sem öðrum verkefnum, sem ekki þarfnast viðbótarfjármagns, verður haldið áfram.

Í uppfærðri áætlun er gert ráð fyrir að verja 84,5 milljónum í verkefni tengd umferðaröryggi vegfarenda. Fjármunirnir verða nýttir í sérstakt eftirlit lögreglu sem byggt er á skráningu svokallaðra svartra bletta, úrvinnslu gagna sem fást með löggæslumyndavélum, sjálfvirkt eftirlit, áróðursauglýsingar, fræðslu í grunnskólum og fræðslu fyrir erlenda ökumenn.

Vegagerðin hefur ákveðið að setja alls 385 milljónir króna af viðhaldsfé stofnunarinnar í umferðaröryggismál, þar af 27 milljónir í sjálfvirkt eftirlit og fimmtán milljónir til úrvinnslu gagna sem fást með löggæslumyndavélum.

Meðal verkefna Vegagerðarinnar samkvæmt uppfærðri áætlun er að 257 milljónum króna verði ráðstafað til margvíslegra aðgerða og úrbóta á vegakerfinu um land allt með áherslu á svartbletti og 60 milljónum varið í merkingar við einbreiðar brýr. Áætlun um einstök verkefni er í smíðum og er þeim forgangsraðað út frá slysatíðni og slysatölum um landið allt.

Ríkislögreglustjóri mun skipuleggja sérstakt umferðareftirlit fyrir 27 milljónir sem annars vegar fást með fjármögnun á umferðareftirliti lögreglustjóranna á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðurlandi eystra og hins vegar með 12 milljónum af sérstakri fjárveitingu innanríkisráðuneytisins til eflingar lögreglu.

– shá

> **Vegagerðin mun setja alls 385 milljónir króna af viðhaldsfé sínu í öryggismál í umferðinni.**

> **60 milljónir fara í merkingar við einbreiðar brýr.**



Njóttu páskanna
Opnunartími um páskana
Skírdagur: Opið 11-21
Föstudagurinn langi: LOKAÐ
Laugardagur: Opið 11-21
Páskadagur: LOKAÐ
Annar í páskum: Opið 11-21
3.990,-
Nýtt KACKLING kökudiskur á fæti með hjálmi
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA®
© Inter IKEA Systems B.V. 2016

# Þögnin langa



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Það getur verið gott að þegja. Til dæmis þegar að þér er sótt úr fleiri en einni átt og þú hefur ekki svörin á reiðum höndum. Stundum er hins vegar betra að upplýsa um hluti fyrirfram og svara öllum spurningum. Til dæmis þegar konan þín á kröfur í slitabú fallinna banka og þú situr í ríkisstjórn sem hefur það helsta verkefni að leysa vanda sem tengist þessum bönkum.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra stígur fram í fyrsta sinn í þessu blaði í dag og útskýrir hvers vegna hann og eiginkona hans upplýstu ekki um félagið Wintris Inc. en félagið, sem er í eigu konu hans, lýsti kröfum í slitabú föllnu bankanna. „Það var ekki til staðar nein slík formleg skylda, samkvæmt þeim reglum sem við höfum rætt, né heldur siðferðisleg skylda, því siðferðisleg skylda hjá mér sem stjórnmálamanni snýst um skyldur mínar við samfélagið og að hámarka árangur minn fyrir það,“ segir Sigmundur meðal annars í viðtalinu um þá staðreynd að hann greindi ekki frá tilvist félagsins.

Ef erlendar eignir eiginkonu forsætisráðherra í Wintris Inc. eru séreignir hennar en ekki hjúskapareignir koma þær ekki til skiptanna í skilnaði. Séu þær séreignir er engin skylda á forsætisráðherra að upplýsa um eignirnar í hagsmunaskráningu. Í prinsippinu á það ekki að skipta máli hvort forsætisráðherrann er efnaður eða ekki. Hins vegar getur það verið kostur að forsætisráðherrann og maki hans eigi nóg af peningum. Það dregur úr líkum á því að hægt sé að hafa áhrif á ráðherrann og útilokar að hann sé fjárhagslega háður öðrum.

Að þessu sögðu er hins vegar mjög skrýtið að forsætisráðherra hafi ekki upplýst um félagið og þá staðreynd að það lýsti kröfum í slitabú föllnu bankanna. Það er erfitt að glöggva sig á hvaða hvatar réðu því að forsætisráðherra ákvað að segja ekkert fyrr. Forsætisráðherra undirritaði ekki innherjayfirlýsingu eins og stýrinefnd og framkvæmdahópur um afnám hafta gerðu því málið var á forræði fjármálaráðherra. Forsætisráðherra átti hins vegar tvo fulltrúa í stýrinefnd og náinn trúnaðarvinur hans var í framkvæmdahópnum. Í þessu sambandi skiptir varla máli þótt forsætisráðherra hafi aldrei beitt sér í þágu annars en íslenskra hagsmuna og niðurstaðan sem náðist sé fordæmalaus á heimsvísu, líkt og Lee Buchheit áréttaði.

Forsætisráðherra má vera stoltur af mörgu. Hann stóð bjargfast í lappirnar í Icesave-málinu meðan flestir aðrir stjórnmálamenn voru meðvirkir með AGS eða létu Breta og Hollendinga kúga sig til hlýðni. Og Seðlabankinn í tíð Sveins Harald Øygard sagði þjóðinni ósatt um áhættuna af Icesave I og hefur aldrei beðist afsökunar á því. Forsætisráðherra tókst líka að keyra í gegn kosningamál um skuldaleiðréttingu þrátt fyrir efasemdir á öllum stigum og mikla andstöðu í þinginu. Hann ætti í raun að geisla af sjálfstrausti alla daga í stað þess að vera viðkvæmur og óöruggur eins og hann virðist svo oft. Það breytir því ekki að það var mjög skrýtið af hans hálfu að halda tilvist Wintris Inc. leyndri fyrir samstarfsfólki sínu í ríkisstjórn og íslensku þjóðinni. Það var óeðlilegt, sama hvernig á málið er litið.

**Það er erfitt að glöggva sig á hvaða hvatar réðu því að forsætisáðherra ákvað að segja ekkert fyrr.**



Fáðu þér appið!

## Halldór




## Frá degi til dags

**Tortóla-liðið**

„Varðandi seinni hluta spurningarinnar er mér ekki kunnugt um hvort eitthvert Tortóla-lið er meðal eigenda að kröfum í slitabúin.“ Þessi fleygu ummæli Frosta Sigurjónssonar framsóknarþingmanns féllu á Alþingi 5. október síðastliðinn. Stundin tók ummælin saman. Þau opinbera þagnarhjúpinn um reikninga eiginkonu forsætisráðherra sem skráðir eru á Bresku Jómfrúaeyjunum. Nánustu samstarfsmenn Sigmundar höfðu ekki hugmynd um að þau hjónin væru „Tortóla-lið“. Landslið Íslands í þagnarbindindi.

**Sá eini sem þorir**

Ásmundur Friðriksson gerir sér mat úr hryðjuverkaárásunum í Brussel á þriðjudag og segist hafa haft rétt fyrir sér þegar hann mælti fyrir því á þingi að taka upp hert landamæraeftirlit og snúa flóttafólki við í Leifsstöð. Á síðasta ári spurði Ásmundur hvort kannað hefði verið hvort íslenskir múslimar hefðu farið í þjálfunarbúðir hryðjuverkamanna. Ásmundur segir að í kjölfarið hafi verið gefið skotleyfi á hann. „Ég spyr, er ekkert hér sem þarf að ræða, eða á bara að skjóta niður þann eina sem þorir?“ spyr Ásmundur. Af orðum hans og skotvopnaótta mætti ætla að Ásmundur sjái hryðjuverkamenn í hverju horni, bæði í sannkristnum alþingismönnum og heiðnum fjölmiðlamönnum.

snaeros@frettabladid.is

# Engin ofbeit?



Ólafur Arnalds
prófessor

Það er verið að gera samninga við bændur um styrk þjóðarinnar við starfsemi þeirra. Það munu að líkindum yfir 50 milljarðar renna frá almenningi til sauðfjárframleiðslunnar á næstu 10 árum. Um það bil þriðjungur framleiðslunnar er fluttur út, við erum að greiða niður kjöt ofan í erlenda neytendur í ríkulegum mæli. Lengi hefur verið barist fyrir því að nýta samninga við bændur til þess að hætta beit á illa grónum afréttum landsins. Nú hefur formaður Landssamtaka sauðfjárbænda stigið fram í útvarpi (Spegillinn 21. mars) og hafnað því að ofbeit eigi sér stað á Íslandi. Það verður að teljast býsna alvarleg yfirlýsing í ljósi baráttunnar fyrir beitarfriðun illa gróins lands. Stórtíðindi.

Staðreyndin er sú að Landgræðsla ríkisins, samtök á borð við Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, fagfólk og ótalmargir aðrir hafa barist fyrir því áratugum saman að beit á verst grónu afrétti landsins verði hætt. Ég fullyrði að beit á illa grónum afréttum getur ekki talist annað en rányrkja og er í raun alltaf ofbeit. Fyrir því hafa verið færð gild fagleg rök svo áratugum skiptir, aftur og aftur. Að tengja slíka nýtingu við „sjálfbæra landnýtingu“ er hlálegt. Kolefnissporr dilkakjötsframleiðslu er meðal þess versta sem þekkist fyrir fæðu í heiminum og vistspor auðnabeitar er „stjarnfræðilegt“. Ísland er eigi að síður aðili að alþjóðasamningum á sviði umhverfismála sem lasta nýtingu af þessu tagi.

Góðu starfi í tengslum við „gæðastýringu í sauðfjárrækt“ ber síst að hallmæla, en gæðastýringin nær einfaldlega ekki markmiðum sjálfbærrar nýtingar. Gott starf bænda í verkefninu „Bændur græða landið“ uppfyllir heldur ekki upphafleg markmið verkefnisins. Illa grónir afréttir landsins eru enn þá beittir. Það er afleitt að þessi ágætu verkefni séu notuð til að afneita vanda. Af hverju að grípa til klassískra afneitunarfræða í stað þess að viðurkenna vandann og taka á honum, m.a. í tengslum við yfirstandandi samningsgerð við þjóðina? Og um leið að skapa nauðsynlegan frið um þessa atvinnustarfsemi. Hvers eiga bændur sem nýta vel gróin svæði landsins til beitar að gjalda fyrir afneitunarhneigð hinna? Og af hverju ætti þjóðin að vera að borga með beitarnýtingu á þann hluta afréttarlands sem er illa gróinn? Það er vitaskuld fráleitt.

**Af hverju að grípa til klassískra afneitunarfræða í stað þess að viðurkenna vandann og taka á honum, m.a. í tengslum við yfirstandandi samningsgerð við þjóðina?**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ráðgátan Ísland

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Alþýðuflokkurinn fagnar 100 ára afmæli sínu á þessu ári. Af því tilefni var blásið til glæsilegs opins fundar í Iðnó í byrjun marz þar sem saga flokksins var reifuð og skýrð frá ýmsum hliðum með lúðraþyt og söng.

**Þversagnarþrenning**

Ólafur Þ. Harðarson prófessor hélt prýðilegt yfirlitserindi um þróun stjórnmálanna. Hann tefldi fram ráðgátu sem kenna má við þversagnarþrenningu en með því er átt við þrjár staðhæfingar sem fá ekki staðizt allar í einu því ef tvær þeirra eru réttar þá hlýtur hin þriðja að vera röng. Þrenningin er þessi eins og Ólafur lýsti henni á fundinum:

1. Hagfræðingum ber yfirleitt saman um að hagstjórn á Íslandi hafi frá öndverðu verið afleit.
2. Stjórnmálafræðingum ber yfirleitt saman um að stjórnmál á Íslandi hafi frá öndverðu verið spillt.
3. Íslenzkt samfélag er meðal beztu samfélaga sem heimurinn þekkir.

Þversögnin hér er þessi: Sé árangurinn svo góður sem þriðja staðhæfingin ber með sér þá fær það varla staðizt að bæði hagstjórnin og stjórnmálin hafi brugðizt. Fyrsta og önnur staðhæfing Ólafs eru að minni hyggju báðar tvær réttar lýsingar á skoðunum flestra hagfræðinga og stjórnmálafræðinga ef frá eru taldar fáeinar málpípur stjórnvalda og sérhagsmunahópa. Ólíklegt virðist að flestir hagfræðingar meti hagstjórnina rangt og einnig að stjórnmálafræðingar flaski á stjórnmálunum. Því hljóta böndin að berast að þriðju staðhæfingunni. Fær hún staðizt?

> **Hitt virðist ljóst að hagtölur og félagsvísar vitna um að Ísland stendur alllangt að baki beztu samfélaga heimsins þegar öllu er til haga haldið eftir því sem hægt er. Við bætist að rússnesk einkavæðing ríkiseigna hvað eftir annað væri óhugsandi annars staðar um Norðurlönd.**

**Meðal beztu samfélaga?**

Skoðum Norðurlöndin til að sjá samhengið. Hvað verður sagt um Danmörku, Noreg og Svíþjóð? Þar er að finna þrjú af beztu samfélögum í heimi. Um það eru engin skynsamleg áhöld lengur. Hagfræðingum, stjórnmálafræðingum og öðrum ber yfirleitt saman um að hagstjórn þar hafi verið í góðu lagi á heildina litið og stjórnmálalífið sé tiltölulega óspillt. Tiltækar mælingar renna stoðum undir allt þrennt: góða hagstjórn, heilbrigð stjórnmál og gott samfélag.

Einfaldur mælikvarði á gæði hagstjórnarinnar er verðbólga. Danir, Norðmenn og Svíar hafa ólíkt Íslendingum aldrei misst stjórn á henni. Verðbólga er að vísu lítil á Íslandi sem stendur þrátt fyrir áhyggjur stjórnvalda og vinnuveitenda af nýgerðum kjarasamningum, en stöðugleikinn nú stafar að miklu leyti af hagfelldum ytri skilyrðum, m.a. lágu olíuverði. Gallup mælir spillingu um allan heim, nánar tiltekið hversu útbreidda almenningur telur spillingu vera í stjórnmálum og stjórnsýslu, og hún mælist minnst í Danmörku og Svíþjóð, ívið meiri í Noregi og margfalt meiri á Íslandi sem er næsti bær við Kongó (!) skv. niðurstöðum Gallups. Sameinuðu þjóðirnar mæla velferð almennings með því að vega saman tekjur, menntun og heilbrigði. Á þennan kvarða eru Noregur, Danmörk og Svíþjóð í 1., 4. og 14. sæti í hópi 188 landa. Ísland skipar 16. sæti listans (nýjustu tölur eru frá 2014).

Ísland hafnar aðeins tveim sætum aftar en Svíþjóð vegna þess hvernig menntun er vegin inn í vísitöluna og hvernig tekjur eru metnar. Íslenzk börn eru talin geta vænzt þess að sitja 19 ár á skólabekk á móti 16 árum í Svíþjóð, en í reyndinni hafa Íslendingar setið 10-11 ár í skóla á móti 12 árum í Svíþjóð skv. samantekt SÞ (hér er átt við meðalskólagöngu fullorðins fólks). Væri einungis tekið mið af meðalskólagöngu, myndi Ísland falla niður í 40. sæti listans, niður fyrir Argentínu. Ísland myndi dragast enn lengra aftur úr öðrum Norðurlöndum væru tekjur mældar sem tekjur á hverja vinnustund frekar en sem tekjur á mann. Þetta stafar af því að tekjur á vinnustund taka mið af fyrirhöfninni á bak við tekjuöflunina, en tekjur á mann gera það ekki. Fyrirhöfnin er meiri hér heima en í nálægum löndum vegna ýmislegrar landlægrar óhagkvæmni, t.d. vegna fákeppni í bankarekstri og fyrirgreiðslu ríkisins við landbúnað og sjávarútveg áratug fram af áratug – og vegna spillingar.

**Gátan leyst**

Mælikvarði Sameinuðu þjóðanna (e. Human Development Index) er skárri kvarði en þjóðartekjur á mann einar og sér þar eð menntun og heilbrigði eru tekin með í reikninginn. Ísland myndi lenda miklu neðar á listanum væru menntun og heilbrigði ekki talin með. Samt er þessi kvarði SÞ ekki einhlít vísbending um velferð þjóða eins og leiðréttingin á einkunn Íslands að framan vitnar um. Þar að auki er ekki tekið neitt tillit til náttúruauðlinda, félagsauðs (þ.m.t. heilbrigð stjórnmál og stjórnsýsla) eða umhverfismála. Ekki er vitað að svo stöddu hvort tillit til þeirra þátta myndi færa Ísland upp eða niður eftir listanum.

Hitt virðist ljóst að hagtölur og félagsvísar vitna um að Ísland stendur alllangt að baki beztu samfélaga heimsins þegar öllu er til haga haldið eftir því sem hægt er. Við bætist að rússnesk einkavæðing ríkiseigna hvað eftir annað væri óhugsandi annars staðar um Norðurlönd. Fjármálahrun eins og það sem reið yfir Ísland 2008 væri einnig óhugsandi annars staðar á Norðurlöndum. Aðför þjóðþingsins að lýðræðinu (m.a.s. með fulltingi Hæstaréttar á frumstigi stjórnarskrármálsins) væri einnig óhugsandi í okkar heimshluta. Afleit hagstjórn og spillt stjórnmál eru aldrei ókeypis.

Það þyngir róðurinn gegn afleitri hagstjórn og spillingu hér heima að Bandaríkin og fáein Evrópulönd sýna nú einnig ýmis merki þess að límingarnar þar séu teknar að losna af ýmsum ástæðum. Það er efni í aðra grein.

# Páskahald í Jerúsalem



Hjörtur Magni Jóhannsson
guðfræðingur og prestur/forstöðumaður Fríkirkjunnar við Tjörnina

> **Þegar í ljós kemur að trúarbrögðin sem því miður hafa svo oft verið notuð til að skapa aðskilnað, útilokun og fordóma, eiga í raun svo margt sameiginlegt þá gefur það von um betri heim.**

Í gyðing-kristnu páskahaldi er spilað á marga sameiginlega strengi sem hafa hljómað í þúsundir ára.

Nafn okkar hátíðar er dregið af hinu hebresk-gyðinglega „pesakh“ og páskahátíð gyðinga er mun eldri en okkar. Í raun er ekki hægt að skilja merkingu og innihald páskahalds kristinna manna án páska gyðinga. Svo nátengd eru trúarbrögðin og snertifletirnir ótal margir og heillandi.

Páskarnir eru ein helgasta hátíðin innan beggja þessara systurtrúarhefða og er haldin á svipuðum tíma árs. Hátíðin stendur yfir í um það bil viku þegar dymbilvika er talin með. Sameiginleg kvöldmáltíð hlaðin trúarlegum táknum er miðlæg í helgihaldinu sem og lykilþemu eins og þjáning hinna saklausu, fórn, lausn úr ánauð og vonarljós.

Tugir þúsunda kristinna taka nú þessa vikuna þátt í hinu stórbrotna drama í Borginni helgu;

Á pálmasunnudag mátti sjá litskrúðugar og fjölmennar skrúðgöngur syngjandi fólks hvaðanæva úr heiminum. Þetta eru pílagrímar frá öllum heimsálfum sem og kristnir arabar úr þorpunum í kring. Fólkið streymir til borgarinnar og margir veifa pálmagreinum eða ólífuviðargreinum, rétt eins og gert var þegar Jesús kom á sínum tíma inn í borgina, ríðandi á asna.

Fólkið gengur slóð Jesú frá Ólífufjallinu ofan í Kidron-dalinn, framhjá Getsemane-garðinum og inn um hlið gömlu borgarinnar.

Á skírdag er mikið um dýrðir í öllum helstu kirkjum borgarinnar þar sem kvöldmáltíðarsakramentið er haft um hönd. En á skírdag er þess einmitt minnst þegar Jesús neytti síðustu kvöldmáltíðarinnar með lærisveinum sínum og bauð þeim að neyta slíkrar máltíðar hvert sinn sem þeir koma saman í hans nafni.

Á föstudaginn langa má sjá fjölda fólks fara í hópum um þröng stræti gömlu borgarinnar. Það fetar krossferli Krists og fer þá píslargöngu sem talið er að Jesús hafi þurft að ganga með krossinn. Bornir eru krossar af ýmsum gerðum og á tilteknum stöðum er stoppað til að lesa úr píslarsögunni, biðja eða syngja.

Klukkustund fyrir dögun á páskadagsmorgun er slökkt á öllum ljóskerum í hinni stóru Grafarkirkju í miðri gömlu borginni. Þar er talið að Jesús hafi verið lagður til grafar og síðan risið upp á þriðja degi. En samkvæmt helgihaldi grísku rétttrúnaðarkirkjunnar hefur gröf Krists verið innsigluð.

Um dögun á páskadagsmorgni eru dyr Grafarkirkjunnar opnaðar og þá um leið þrengja sér þar inn þúsundir pílagríma til að verða vitni að hinu aldagamla undri þegar eldurinn helgi tendrast.

Þegar innsigli grafarinnar er síðan rofið þar um morguninn, gengur æðsti biskup grísku rétttrúnaðarkirkjunnar fram, fer inn í gröfina og segir til um hvort hinn helgi eldur sem sagður er sendur af Guði, muni kvikna enn eitt árið.

Þegar í ljós kemur að eldurinn hefur kviknað þá er litið svo á að það sé staðfesting á upprisu Krists og að hans upprisukraftur sé enn til staðar. Hinn helgi logi er síðan borinn fram og látinn berast til mannfjöldans sem fagnar ákaft.

Ljósið berst út á meðal fólksins utan kirkjunnar og upptendrar í hjörtum trúaðra trúna á sigur vonar yfir öllu vonleysi, sigur réttlætis yfir öllu ranglæti og sigur þess ljóss sem lýsir langt út yfir mörk grafar og dauða.

**Hátíð frelsunar og lífsvonar**

Gyðingar minnast þess þegar Ísraelsþjóðin var frelsuð úr ánauðinni í Egyptalandi og hátíðin er því einnig hátíð frelsunar og lífsvonar. Páskahátíðin er haldin á svo til öllum heimilum þar sem fjölskyldur neyta máltíðarinnar saman. Hún er haldin í synagógunum, sem eru bænahús gyðinga, um allan heim og hún er haldin heilög við Grátmúrinn sem er ytri hluti musterishæðarinnar og er þeirra helgasti staður á jörðu.

Mikilvægast er að í báðum trúarhefðunum, hinni gyðinglegu og hinni kristnu, boðar hátíðin lausn úr viðjum og frelsi hins undirokaða. Páskar eru hátíð óvæntrar lífsvonar þrátt fyrir erfiðleika og mótlæti.

Í Jerúsalem og heiminum öllum er vissulega þörf fyrir slíkan lausnarboðskap. Þegar í ljós kemur að trúarbrögðin sem því miður hafa svo oft verið notuð til að skapa aðskilnað, útilokun og fordóma, eiga í raun svo margt sameiginlegt þá gefur það von um betri heim. Þetta á við um allar þrjár eingyðistrúarhefðirnar; gyðingdóm, kristni og íslam sem eru í raun systurhefðir. Þær eru sprottnar af sama meiði og gera allar tilkall til borgarinnar helgu. Þegar hinir trúuðu leggja af alla drottnunarhyggju í garð annarra hefða þá kemur í ljós að allt það sem við eigum sameiginlegt er mun mikilvægara en það sem aðgreinir.

jonogoskar.is

Fallegar fermingargjafir

Bára í Icecold skartgripalínunni fæst í tveimur lengdum og fjórum litum, einnig með litlum demanti.

Frá **6.900 kr.**



Laugavegur 61 | Kringlan | Smáralind | Sími 552 4910

JÓN & ÓSKAR



Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska landsliðsins í dag, hefur hér betur í baráttu við Christian Eriksen í leik Íslands og Danmerkur árið 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Halda að þeir séu betri en við

**Íslenska fótboltalandsliðið mætir því danska í Herning í kvöld. Þetta er einn af síðustu leikjunum fyrir EM í Frakklandi og því síðustu forvöð fyrir þjálfarana að laga það sem þarf að laga fyrir stóru stundina í sumar.**

Ingvi Þór Sæmundsson
sveinn@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** Ísland og Danmörk leiða saman hesta sína í vináttulandsleik í Herning í kvöld. Þetta er fjórði síðasti leikur íslenska landsliðsins fyrir stóru stundina, EM í Frakklandi sem hefst 10. júní næstkomandi. Eftir leikinn við Dani færir íslenska liðið sig um set til Grikklands þar sem það mætir heimamönnum á þriðjudaginn.

„Mér finnst andinn í hópnum góður og menn eru ferskir," sagði Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari í samtali við Fréttablaðið í gær. Að hans sögn eru allir leikmenn íslenska liðsins klárir í bátana að undanskildum Ólafi Inga Skúlasyni sem glímir við meiðsli aftan í læri.

Heimir kveðst nokkuð ánægður með stöðuna á íslenska hópnum, sé litið til leikforms og spilamennsku landsliðsmannanna.

„Já, já, við erum það. Við höfum sagt í aðdraganda leiksins að það séu margir leikmenn sem eru að minna á sig þessa stundina og standa sig vel með sínum félagsliðum. Bæði leikmenn sem eru með okkur hér og svo aðrir sem voru ekki valdir í þennan hóp. Það segir mér að við séum að gera eitthvað rétt í íslenskum fótbolta," sagði Heimir.

Leikurinn í kvöld verður sá fyrsti hjá Dönum undir stjórn Norðmannsins Åge Hareide sem tók við landsliðinu af Morten Olsen í desember. Hareide er reyndur kappi en áður en hann tók við danska landsliðinu var hann við stjórnvölinn hjá Malmö.

Heimir býst því við breyttum leikstíl hjá danska liðinu frá því sem var undir stjórn Olsens. Hann segir þó að íslenska liðið einbeiti sér takmarkað að andstæðingnum í þessum leikjum en Grikkir eru, líkt og Danir, með nýjan þjálfara.

„Við leggjum ekki of mikla áherslu á andstæðinginn. Við vitum svo sem hvernig týpa Hareide er. Danirnir verða örugglega mun aggressívari og beinskeyttari en þeir voru hjá Olsen. Hareide er svona stemningsþjálfari og fær menn til að berjast og hlaupa," sagði Heimir.

> **Ég held að það sé enginn að springa úr ofmati þótt við séum fyrir ofan þá í augnablikinu.**
>
> Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari um stöðu þjóðanna á FIFA-listanum

> **Ísland hefur aldrei unnið Dani hjá A-landsliðum karla.**

Talsverðar líkur eru á því að Danir spili með þrjá miðverði í kvöld og sú gæti einnig orðið raunin gegn Grikkjum á þriðjudaginn. Heimir segir að þessir tveir leikir gætu því verið góð æfing fyrir íslenska liðið að spila gegn þriggja miðvarða leikkerfi, en ekki er ólíklegt að lið á EM muni grípa í það gegn Íslandi sem spilar alla jafna með tvo framherja.

„Við höfum ekki spilað við margar þjóðir sem hafa notað þrjá miðverði. Það verður spennandi að sjá hvort það breyti einhverju fyrir okkur og það verður fínt að fá æfingu í því núna," sagði Heimir.

Ísland hefur ekki riðið feitum hesti frá viðureignum sínum við Dani í gegnum árin og raunar bíða Íslendingar enn eftir fyrsta sigrinum gegn gömlu herraþjóðinni.

„Ætli þetta sé ekki sagt í hvert skipti sem við spilum við þá," sagði Heimir og hló, aðspurður hvort það væri ekki kominn tími til að vinna Dani. „Við viljum vinna þennan leik. Við höfum ekki unnið marga sigra í vináttulandsleikjunum eftir að undankeppni EM lauk. Það er kominn tími á það að við vinnum leik."

Leikurinn í kvöld er líka merkilegur fyrir þær sakir að þetta er í fyrsta sinn sem Ísland mætir Danmörku og er ofar á styrkleikalista FIFA.

„Ég held að það sé enginn að springa úr ofmati þótt við séum fyrir ofan þá í augnablikinu. Ég hugsa nú að Danir telji sig vera betri knattspyrnuþjóð en Íslendinga og vonandi verður það þannig í huganum á þeim þegar þeir fara út á völlinn," sagði Heimir Hallgrímsson, annar landsliðsþjálfara Íslands, að endingu.

### Úrslitakeppni Domino's-deild karla

**Keflavík - Tindastóll 83-62**
**Stigahæstir**: Jerome Hill 28/21 fráköst, Magnús Már Traustason 24/8 fráköst, Valur Orri Valsson 17/9 fráköst/5 stoðsendingar – Darrel Keith Lewis 22/11 fráköst, Anthony Isaiah Gurley 11, Viðar Ágústsson 11.
***Tindastóll leiðir einvígið, 2-1.***

Frábær síðari hálfleikur skóp öruggan sigur Keflavíkur í gær. Liðin mætast í fjórða leiknum á Sauðárkróki á mánudag.

**KR - Grindavík 95-71**
**Stigahæstir**: Michael Craion 21/7 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 17, Darri Hilmarsson 15/7 fráköst, Pavel Ermolinskij 10/12 fráköst/11 stoðsendingar – Ómar Örn Sævarsson 17/13 fráköst, Þorleifur Ólafsson 10/4 fráköst, Ingvi Þór Guðmundsson 8.
***KR vann einvígið 3-0***

KR fær góða hvíld fyrir næstu rimmu eftir öruggan sigur á Grindvíkingum á heimavelli í gær.

### Olís-deild karla i handbolta

**ÍR - Haukar 19-32**
**Markahæstir**: Sturla Ásgeirsson 6 – Janus Daði Smárason 8, Hákon Daði Styrmisson 7, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 6.

**Valur - Fram 23-22**
**Markahæstir**: Guðmundur Hólmar Helgason 5 (8), Sveinn Aron Sveinsson 4/3 (6/3) – Garðar B. Sigurjónsson 12/4 (14/4).

**Akureyri - Afturelding 24-26**
**Markahæstir**: Kristján Orri Jóhansson 10/2 (12/2), Bergvin Þór Gíslason 6 (8) – Árni Bragi Eyjólfsson 8/4, Birkir Benediktss. 5 (7).

**ÍBV - Víkingur 31-35**
**Markahæstir**: Andri Heimir Friðriksson 10 (19) – Jóhann Reynir Gunnlaugsson 10/6 (12/6), Hlynur Óttarsson 6 (9).

**FH - Grótta 28-34**
**Markahæstir**: Einar Rafn Eiðsson 9/2 (17/2), Jóhann B. Ingvarsson 7 (11) – Finnur Ingi Stefánsson 7/2 (8/2), Þráinn Jónsson 6 (7).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 45 | FH | 25 |
| Valur | 39 | Fram | 25 |
| Afturelding | 28 | Akureyri | 22 |
| ÍBV | 26 | ÍR | 16 |
| Grótta | 25 | Víkingur | 13 |

### Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | Stjarnan - Njarðvík | Sport |
| 19.05 | Haukar - Þór Þorl. | Sport 2 |
| 13.15 | ÍBV - Selfoss | Eyjar |
| 13.30 | Valur - HK | Valshöllin |
| 13.30 | FH - Afturelding | Kaplakriki |
| 14.00 | Grótta - Haukar | Seltjarnarn. |
| 16.00 | KA/Þór - Fram | KA-hús |
| 19.15 | Stjarnan - Njarðvík | Ásgarður |
| 19.15 | Haukar - Þór Þorl. | Ásvellir |
| 19.30 | Fylkir - Fjölnir | Fylkishöll |
| 19.30 | Stjarnan - ÍR | Mýrin |

# Er ekki loksins komið að því að við vinnum þessa blessuðu Dani?

Íslenska karlalandsliðið mætir Dönum í vináttulandsleik í dag en þetta er fyrsti alvöru landsleikur EM-ársins og líka besta tækifærið í langan tíma til að vinna Dani í fyrsta sinn á fótboltavellinum.

Íslenska A-landsliðið í fótbolta hefur 22 sinnum mætt Dönum hjá og bestu úrslitin hingað til eru ekki til að monta sig af eða þrjú markalaus jafntefli í vináttulandsleikjum á Laugardalsvellinum og eitt 1-1 jafntefli í forkeppni Ólympíuleikanna.

Átján sinnum hefur íslenska liðið þurft að sætta sig við tap fyrir gömlu „eigendunum" og aldrei var niðurlægingin meiri en í 14-2 tapi á Idrætsparken 23. ágúst 1967. Þetta hefur gengið betur síðan þá en ekki mikið betur samt.

Danir hafa unnið sex síðustu leiki sína á móti Íslandi en það eru að verða liðin fimm ár frá þeim síðasta. Markatalan í sex leikjum þjóðanna á þessari öld er eins vandræðaleg og þær gerast eða 16-1 Dönum í vil. Eina markið á þessum 540 mínútum skoraði Eyjólfur Sverrisson eftir 10 mínútna leik í fyrsta leik aldarinnar en síðan þá hafa Danir skorað sextán mörk í röð án þess að íslenska liðið hafi náð að svara fyrir sig. Sextán mörk í röð er slæmt í körfunni (stig), skelfilegt í handboltanum en hvað er hægt að segja um slíkar tölur í fótboltanum?

> **530**
> **mínútur síðan Ísland skoraði í leik á móti Danmörku.**

Það er hins vegar margt sem gefur Íslendingum ástæðu til að vera bjartsýnir fyrir leikinn í Herning. Jú, þetta er í fyrsta sinn sem við mætum Dönum eftir að Lars Lagerbäck settist í skipstjórasætið og þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem Ísland er ofar á styrkleikalista FIFA þegar þjóðirnar mætast. Íslenska liðið er að hefja undirbúning sinn fyrir Evrópumótið í Frakklandi á meðan Danir sitja heima í sumar og spila ekki næsta mótsleik fyrr en í haust.

Þegar Ísland og Danmörk mættust síðast var staðan allt önnur. Leikurinn fór fram á Laugardalsvellinum og var í undankeppni EM 2012. Íslenska landsliðið var í 116. sæti á FIFA-listanum, 89 sætum neðar en Danir og 78 sætum neðar en liðið er í dag.

Það eru liðin meira en 69 ár og átta mánuðir síðan að Ísland og Danmörk mættust fyrst á fótboltavellinum sem var á Melavellinum miðvikudaginn 17. júlí 1946. Það hlýtur að vera komið að því að við vinnum þessa blessuðu Dani í fyrsta sinn. ooj@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ Í DAG 10-20

LÁGT VERÐ
ALLA DAGA

## VERIÐ VELKOMIN
STARFSFÓLK BÓNUS



### OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

| | | |
|---|---|---|
| Skírdagur | 24. mars | 10-19 |
| Föstudagurinn langi | 25. mars | LOKAÐ |
| Laugardagur | 26. mars | 10-19 |
| Páskadagur | 27. mars | LOKAÐ |
| Annar í páskum | 28. mars | 12-18 |

BÓNUS EKKERT BRUÐL

# Félagið var aldrei leyndarmál

Anna Sigurlaug Pálsdóttir, eiginkona forsætisráðherra, hefur greint frá því að hún eigi aflandsfélag utan um eignir sínar sem nema tæpum 800 milljónum króna. **Sigmundur Davíð** hefur legið undir ámæli fyrir að hafa ekki greint frá þessum hagsmunum í ljósi þess að hann hefur, ásamt fjármálaráðherra, leitt viðureign við kröfuhafa föllnu bankanna. Anna Sigurlaug sagði frá málinu á Facebook-síðu sinni eftir að fyrirspurnir bárust frá fjölmiðlum.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Fyrir liggur að allir skattar og gjöld hafa verið greidd af félagi Önnu Sigurlaugar. Eftir stendur spurningin um hvort Sigmundi hafi ekki borið skylda til þess að greina frá þessum hagsmunum fyrr, þegar hann átti tvo fulltrúa í framkvæmdahópi um afnám hafta og um viðureign við kröfuhafa, sem hlýtur að teljast með stærri málum sem núverandi ríkisstjórn stóð og stendur frammi fyrir.

*Stenst málið siðferðislega skoðun?*

„Þær siðareglur sem settar voru af síðustu ríkisstjórn, 2011, höfum við ekki staðfest. En þótt við hefðum gert það hefði það engu breytt, því í þeim er vísað í hagsmunaskráningu þingmanna og þess getið að menn láti ekki eigin hagsmuni hafa áhrif á störf sín. Það er alveg ljóst, eins og forseti þingsins hefur kveðið mjög skýrt upp úr um, að það er engin bein skylda og ekki ætlast til þess að menn skrái eignir maka í þessari hagsmunaskráningu. Enginn þingmaður hefur gert það. Það er líka ljóst að það er ekki gert ráð fyrir því að menn skrái eignir af þessari gerð. Hagsmunaskráning þingmanna tiltekur félög í atvinnurekstri en það hefur þetta félag aldrei verið. Það er ekki ætlast til þess að menn skrái skuldabréf, hvað þá bréf sem eru töpuð að mestu,“ útskýrir Sigmundur, en Anna Sigurlaug keypti skuldabréf af bönkunum fyrir hrun. Heildarumfang þeirra var rúmar 500 milljónir sem töpuðust að mestu leyti við fall bankanna. Hún átti því kröfur í slitabú allra stóru bankanna sem féllu í hruninu.

### Siðferði byggir á lögum

*En nær siðferðið ekki lengra en sem reglurnar kveða á um?* „Jú. Ég byggi mitt siðferði á lögum og reglum. Sem stjórnmálamaður byggi ég mitt siðferði á því að gera samfélaginu sem mest gagn. Út á það gengur mitt starf. Ég fór ekki í stjórnmál til þess að hafa af því atvinnu og gera það alla ævi, heldur vegna þess að ég hafði sterkar skoðanir á því til hvaða aðgerða ætti að grípa til að koma Íslandi á réttan kjöl. Ég var sakaður um að vera lýðskrumari, að tala fyrir einhverju sem væri ekki raunhæft. Freistingin var alltaf sú, þegar öll spjót beindust að mér, að segja að ég væri svo sannfærður um þessa leið, að ganga svona hart fram gegn kröfuhöfum, að ég væri tilbúinn að ganga á hagsmuni eiginkonu minnar. Mér fannst ekki siðferðislega rétt að blanda henni í þessa umræðu til að upphefja sjálfan mig.“

Sigmundur segir það hafa verið prinsipp frá því að hann hóf stjórnmálaferilinn að halda málefnum eiginkonu sinnar og fjölskyldu utan við átök stjórnmálanna. „Það hefur stundum gengið erfiðlega. Það hefur oft verið gert mikið úr því að hún og fjölskylda hennar séu efnað fólk. Mér hefur þótt það afskaplega leiðinlegt. Ég hef á tímum haft mikið samviskubit yfir því hvernig konan mín hefur liðið fyrir stjórnmálaþátttöku mína.“

*Af hverju steig eiginkona þín fram og tilkynnti um þessir eignir á þessum tíma? Hafði það með siðareglur sem voru samþykktar í þinginu daginn eftir að gera eða það að fjölmiðlar höfu að grafast fyrir um málið?* „Maður hafði heyrt þessar kenningar áður. Hvort við hefðum eitthvað að fela, eins og er algengt þegar miklir fjármunir eru annars vegar, ekki hvað síst í andrúmslofti þar sem ríkir vantraust eins og hefur verið frá hruni. Það þarf ekki mikið til að geta í eyðurnar eða gefa sér hluti. Einhver fjölmiðillinn hafði verið að spyrjast fyrir um þetta, en það var bara framhald af þessari löngu sögu.“

### Vildi koma hreint fram

*Skrifuðuð þið yfirlýsinguna saman?* „Hún sat og skrifaði þetta við eldhúsborðið og ég ræddi við hana. En hún skrifaði þetta. Hún ákvað að gera hreint fyrir sínum dyrum með að fá staðfestingu frá endurskoðanda á því að hún hefði greitt sína skatta og skyldur alla tíð. Reyndar hefur hún alltaf verið samviskusöm með slíkt. Á sínum tíma var verið að benda henni á möguleika á því að fresta skattgreiðslum og fjárfesta í millitíðinni, því það gæti verið hagkvæmni í því. En hún var afdráttarlaus með að hún vildi alla skatta gerða upp um leið. Með þessari staðfestingu kom líka í ljós að hún hafði tapað peningum á að eiga inni hjá bönkunum, eins og margir aðrir.“

*En á meðan þú stóðst í þessu öllu, að eiga við kröfuhafana, hugsaðirðu aldrei um að eiginkona þín væri einn kröfuhafa?* „Ég hef alltaf litið svo á að Íslendingar allir séu kröfuhafar í bönkunum. Stærsti kröfuhafinn er íslenska ríkið, eða Seðlabankinn. Risastórir kröfuhafar eru lífeyrissjóðirnir. Í þessu máli hefur enginn talið ástæðu til að gera sérstaklega grein fyrir hagsmunum sínum. Þó voru þingmenn og fyrrverandi ráðherrar sem eiga gríðarlegan uppsafnaðan lífeyri sem eru líka hagsmunir í þessu máli. Þú ræðir um siðareglur, það er alveg ljóst að frá því að menn fóru að takast á við þessi stóru efnahagsmál í tengslum við hrunið að menn hafa verið að taka ákvarðanir sem hafa gífurleg áhrif. Ekki bara á hagsmuni tengdra heldur þeirra sjálfra líka. Neyðarlögin t.d. tryggðu eignir í bönkum, innistæður og peningamarkaðssjóði. Þær eignir voru tryggðar á kostnað annarra eigna, t.d. skuldabréfa. Þeir breyttu lögunum til að forgangsraða í þágu slíkra eigna. Samt sá enginn ráðherra eða þingmaður ástæðu til þess að gera grein fyrir því hversu miklar eignir hann væri að verja fyrir sig eða sína.“

Sigmundur segir viðureignina við kröfuhafana slíka hagsmuni ➡



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR






### Hotel Sorrento / Portofino

**Frá kr. 54.995**
**án fæðis**

Netverð á mann frá kr. 54.995 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann 90.595 m m.v. 2 fullorðna í íbúð.

14. júní í 7 nætur.



### Eix Lagotel Apartments

**Frá kr. 77.795**
**m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 77.795 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann 115.595 m m.v. 2 fullorðna í herbergi.

14. júní í 7 nætur.



### Hotel Barcelo Pueblo Park

**Frá kr. 99.695**
**m/hálft fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 99.695 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann 132.795 m m.v. 2 fullorðna í herbergi.

14. júní í 7 nætur.



### Aquasol Aparthotel

**Frá kr. 67.245**
**án fæðis**

Netverð á mann frá kr. 67.245 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann 109.295 m m.v. 2 fullorðna í íbúð.

7. júní í 7 nætur.



### Aparthotel Fontanellas Playa

**Frá kr. 76.495**
**án fæðis**

Netverð á mann frá kr. 76.495 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann 131.895 m m.v. 2 fullorðna í íbúð.

28. júní í 7 nætur.



### Hotel Palma Bay

**Frá kr. 82.895**
**m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 82.895 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann 108.895 m m.v. 2 fullorðna í herbergi.

21. júní í 7 nætur.

*Gildir til 31. mars eða meðan birgðir endast.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM74448

Heimsferðir

➡ fyrir samfélagið að hagsmunir einstaklinga séu smávægilegir í samanburði. „Það væri fráleitt fyrir stjórnmálamann, og ég tala nú ekki um forsætisráðherra, að láta slíkt hafa áhrif á sig. Ég talaði fyrir þessari leið, að kröfuhafar þyrftu að gefa verulega eftir af eignum sínum til að samfélagið næði sér á strik. Ég held að menn geti viðurkennt að ég hafi leitt þessa umræðu og fylgt henni eftir, á öllum stigum málsins hafi ég talað fyrir því að ganga hart fram. Ég er ekki að segja að aðrir sem unnu með mér hafi haldið aftur af manni í því, en í hvert sinn sem einhver fann leið til þess að ganga lengra studdi ég það. Í hvert sinn sem mér fannst einhver gefa eftir, hvatti ég þá til að gefa í, því þetta væri vel hægt. Það yrði að tryggja þessa niðurstöðu.“

*Þannig að þér finnst fráleitt að halda fram að þessar eignir konu þinnar hafi haft eitthvað að segja um þína framgöngu í málum gegn kröfuhöfum slitabúa föllnu bankanna?* „Algjörlega fráleitt. Enda er þetta mál sem ég set á dagskrá og keyri áfram gegn mikilli andspyrnu eins og menn muna frá síðustu kosningum. Þessi niðurstaða náðist. Einn þekktasti lögfræðingur á sviði skuldaríkja, Lee Buchheit, kallaði þetta einstaka niðurstöðu í fjármálasögu heimsins.“

### Datt ekki í hug að segja Bjarna

*Datt þér aldrei í hug að segja Bjarna frá þessu? Langaði þig ekki að segja honum frá þessu?* „Ég hugleiddi það ekki sérstaklega, ég hugsa að mér hefði þótt ankannalegt að fara að ræða fjármál eiginkonu minnar við hann. Hann hefur verið meðvitaður um það frá upphafi hvar ég stend í þessu máli. Hversu ákafur ég hef verið í að ná þessum árangri og hefur verið góður samstarfsmaður. Það hefði kannski frekar verið freistingin að nota þetta í pólitísku umræðunni þegar sótt var að manni. Með því að segja sjáiði, hérna. Þetta er svo mikilvægt að hugsanlegir peningar sem konan mín fengi með því að fara aðrar leiðir skipta engu máli. En þá hefði ég með því verið að sveifla henni fyrir framan mig þegar öll spjót stóðu á mér fyrir að vera með óraunhæfar tillögur.“

*Bar þér ekki skylda til þess að greina frá þessu, þegar þú áttir tvo fulltrúa í framkvæmdahópnum um afnám hafta og um viðureign við kröfuhafa?* „Það er ekki nein slík formleg skylda, samkvæmt þeim reglum sem við höfum rætt, né heldur siðferðisleg skylda, því siðferðisleg skylda hjá mér sem stjórnmálamanni snýst um skyldur mínar við samfélagið og að hámarka árangur minn fyrir það. Þá hlýtur maður að velta fyrir sér hvort það hefði verið betra fyrir niðurstöðuna, ef ég hefði gert þetta að einhverju umtalsefni, fyrstur manna að draga fjölskylduhagsmuni inn í það þegar verið er að taka ákvarðanir eftir hrunið. Þegar menn höfðu áður ekki greint frá því sem þeir voru að verja, sem voru eigin hagsmunir og fjölskyldu.“

*Um hvaða menn ertu að tala sem ekki greindu frá hagsmunum sem þeir voru að verja?* „Þá er ég að tala um alla þá þingmenn og ráðherra sem áttu peninga í bönkum, inni á reikningum, í peningamarkaðssjóðum, eða fjölskyldur sem áttu slíkar eignir, þingmenn sem eiga mikil lífeyrisréttindi, lífeyrissjóðirnir verða fyrir verulegum áhrifum af því hvernig þessu uppgjöri er háttað. Í öllum þeim ákvörðunum hafa menn verið að fást við mikla hagsmuni. Í flestum tilvika hefur þetta snúist um að þeir væru að verja hagsmuni sína og fjölskyldna sinna án þess að þeir teldu ástæðu til að gera grein fyrir því. Að mínu mati var það bara eðlilegt því um leið voru þeir að verja hagsmuni samfélagsins. Hér er frekar um það að ræða að ég er að fórna hagsmunum fjölskyldunnar til þess að verja hagsmuni samfélagsins. Þessi efnahagslega endurreisn hefur verið slagur og stríð þar sem ég hugsaði allan tímann fyrst og fremst um markmiðið. Ef maður hefur tækifæri til að fara yfir allt sem maður hefur gert getur maður eflaust fundið atriði sem maður myndi breyta, en ég myndi veigra mér við því að breyta einhverju í þessari baráttu í því ljósi að það hafðist sigur. Farsæl niðurstaða náðist.“



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**MÉR FINNST MJÖG ÓSANNGJARNT AÐ FJÁRHAGUR EIGINKONU MINNAR SÉ NOTAÐUR TIL ÞESS AÐ HÖGGVA Í MIG.**

### Talsmaður krónunnar

*En nú hefur þú verið talsmaður þess að Ísland standi utan ESB og hefur verið einn helsti talsmaður íslensku krónunnar. Af hverju vill eiginkona þín þá hafa sína peninga í útlöndum?* „Henni finnst, og mér finnst það virðingarvert, að hún eigi ekki að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum, hlutabréfum eða öðru sem gæti vakið spurningar vegna stjórnmálaþátttöku minnar. Þess vegna hefur hún ákveðið að halda peningunum þarna, en hún hefur ekki grætt á því. Talandi um krónuna þá hefði hún getað farið þessa svokölluðu fjárfestingarleið Seðlabankans, sem stóð efnuðu fólki til boða, eða sem átti eignir erlendis. Fólki var þar gefinn möguleiki á að kaupa íslenskar krónur á afslætti, á verði sem var ekki í boði fyrir almenning. Eitthvað hefði verið sagt ef hún hefði nýtt sér þennan möguleika, ímynda ég mér. Hún hefði getað gert það, hún hefði getað farið aðrar leiðir, ávaxtað þessar krónur sínar verðtryggt á háum vöxtum og eftir að stöðugleika var komið á í efnahagslífinu og gengi krónu fór að styrkjast jafnt og þétt, þá hefði eignin enn aukist.

Þannig að ég hef nú ekki reiknað það en ef hún hefði farið þessa leið, að taka peningana heim, keypt krónur á afslætti, fjárfest hér eða ávaxtað, verðtryggt á háum vöxtum, og íslenska krónan styrkst samhliða hefði hún ávaxtað þær eignir gríðarlega. Kæmi mér ekki á óvart ef hún hefði tvöfaldað þær. En hún taldi ekki rétt að fara þessa leið, því hún vildi ekki að það vöknuðu spurningar um að fjárfestingar hennar hér og eign hennar á krónum væru að hafa áhrif á afstöðu mína, t.d. í þessari baráttu minni gegn verðtryggingunni og háum vöxtum. Mér finnst virðingarvert að hún hafi tekið þessa afstöðu, ég krafðist þess ekki af henni, en var henni þakklátur og þakkaði henni fyrir. Ég taldi þetta rétt, að vera ekki að taka þetta heim með öllum þeim álitaefnum sem það myndi vekja. Það hefur kostað hana mikið. Enn á ný er hún ekki að græða heldur tapa á þátttöku minni í stjórnmálum.“

Sigmundur segist raunar undrandi á því hvernig menn leyfi sér í sumum tilvikum að snúa hlutunum algjörlega á haus. „Maður í minni stöðu hefur ekkert rétt á því að vera leiður á því að vera spurður spurninga, en ég get alveg viðurkennt að ég hef verið undrandi á því hvernig sumir hafa gengið fram.“ Hann nefnir Björn Val Gíslason, þingmann VG, sem dæmi. „Annaðhvort leyfir hann sér að snúa hlutunum svona á haus, eða þá að hann hefur ekki þekkingu á grundvallarhugtökum í þessum efnum, eins og hvað felst í því að vera hrægammur.“

*Hvernig brást Bjarni við þegar hann frétti af málinu?* „Ég ætla nú ekki að rekja samtöl okkar sérstaklega, en hann tók þessu ekki illa. Hann veit manna best hvað ég hef verið harður í þessu, alltaf.“

*Hvað með Seðlabankann?* „Nei, engin viðbrögð.“

*Heldurðu að málið skaði þig pólitískt?* „Ég lít svo á að fólk hljóti, ekki allir auðvitað, en margir, að virða það við mig að hafa tekið þessa baráttu og náð þessum árangri í að fást við kröfuhafana. Ég á ekki von á að það muni draga úr líkunum á að þeir virði það við mig að sjá, að um leið hafi ég verið að ganga enn á, eða auka á, tap eiginkonu minnar.“

*Þorsteinn Sæmundsson steig fram í kvöldfréttum Stöðvar 2 í vikunni og sagði að þetta myndi þjappa stuðningsmönnum þínum saman, ertu sammála því?* „Ég hef ekki frá því ég byrjaði í stjórnmálum fundið eins mikinn og þéttan stuðning og í þessu máli. Ég held að það sé vegna þess að þetta fólk sem hefur unnið með mér veit að ég hef verið vakinn og sofinn í þessari baráttu og hef ekkert látið stoppa mig í henni. Mér finnst mjög ósanngjarnt að fjárhagur eiginkonu minnar sé notaður til þess að höggva í mig.“

### Skilur að almenningur vilji svör

*Þú hlýtur samt að skilja gagnrýnina. Þingmaður Pírata sagði þetta mesta trúnaðarbrot við þjóðina sem forsætisráðherra gæti framið. Aðrir hafa sagt að þú hefðir átt að standa upp og svara fyrir allt saman strax.* „Sumar vangaveltur fólks skil ég. En ég skil ekki hvernig sumir úr röðum stjórnarandstöðu hafa reynt að gera sér mat úr þessu máli. Þetta er meira og minna allt sama fólkið sem stóð í vegi fyrir þessari baráttu frá upphafi. Fólk sem kallaði mig lýðskrumara, fólk sem sagði að það væri ekki raunhæf lausn að ætla sér að skattleggja slitabúin, að það myndi kalla á dómsmál o.s.frv. En ég skil vel að almenningur skuli vilja hlutunum fyrir sér og kannski hef ég ekki verið nægilega skýr. Ég vona að ég svari einhverjum þessara spurninga í þessu viðtali.“

*En nagarðu þig ekki í handarbökin fyrir að hafa ekki svarað fyrir allt saman strax?* „Auðvitað er þetta eitthvað sem maður var alltaf að velta fyrir sér. Ég reyndi að halda mig við prinsippið með það að tjá mig ekki um konuna mína. Spurningin mín var, ef ég vík frá þessu prinsippi og fer að tjá mig um þetta, hvar endar það? Það er endalaust hægt að gera það tortryggilegt að fólk eigi peninga, til dæmis barst fyrirspurn, eða krafa, um að konan mín birti sundurliðað yfirlit yfir eignir sínar. Maður spyr sig, hvar á þetta að enda? Ég held að flestir sem á annað borð vilja gefa manni einhvern séns, hljóti að sjá að það sem er aðalmálið er að konan mín hefur staðið skil á öllu sínu, sýnt í málinu frekar fórnfýsi en hitt, og það að þeir þingmenn og fleiri sem stóðu helst í vegi fyrir því að þessi árangur næðist, að þeir stökkvi fram. Ég held að flestir sjái í gegnum það. En svo áttar maður sig á því, að fólk er að velta alls konar hlutum fyrir sér, og þá komst ég að þeirri niðurstöðu að það væri betra að fara í þetta viðtal og gera grein fyrir þessum hlutum öllum. Eins og þessu grundvallaratriði að konan mín er ekki að hagnast á því að geyma eignir sínar áfram erlendis.“

*Sumir hafa sagt að það sé ekki gott að forsætisráðherra sendi fótgönguliða út á vígvöllinn og svari engum spurningum um málið sjálfur. Þorsteinn er einn þeirra þingmanna sem stigið hafa fram á völlinn og varið þig í málinu. Ræddirðu við hann persónulega áður en hann fór af stað?* „Ég hef ekki rætt málið við Þorstein frá því að þetta kom upp, en hann er mikill prinsippmaður, réttsýnismaður og verður oft heitt í hamsi þegar honum er misboðið. Maður finnur það oft að það er mikil tilfinning í hans pólitík. Hann er maður sem vill að réttlætið sigri og er mjög heitur í þeirri baráttu, ég sé það að honum hefur mislíkað þessi framganga.“

*Hafið þið hjónin pælt í að koma með peningana heim núna?* „Ég held að það myndi varla mælast vel fyrir. Ef hún færi að koma með þessa peninga heim og fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum. Eða eins og ég segi í verðtryggðum, íslenskum krónum. Hvað hefðu menn sagt ef hún hefði keypt krónur á afslætti, sem þá var auðvitað löglegt og stjórnvöld beinlínis að hvetja til? Þegar svona fjármál eru annars vegar er endalaust hægt að búa til álitamál. Þess vegna held ég að það sé rétt ákvörðun hjá henni, að hafa þetta með þessum hætti. Til að skapa ekki síka árekstra eða spurningar.“

Aðspurður segir Sigmundur eiginkonu sína sér vitandi eiga einungis hlut í litlu skartgripafyrirtæki á Íslandi.

### Stuðningur frá samstarfsflokki

*En orkar ekki tvímælis að aðstoðarmaður þinn skuli koma fram sem talsmaður eiginkonu þinnar í þessu máli, sem þú og aðstoðarmaður þinn hafa fullyrt að sé fullkomið einkamál frúarinnar og komi ekki ráðherranum við?* „Ég segi bara eins og Jóhannes benti á, hann hringdi ekki í þá, þeir hringdu í hann. Hann reyndi að svara eftir bestu getu. Benda á helstu staðreyndir sem lágu fyrir með því sem hún skrifaði og svo ég á heimasíðu minni.“

Mikið hefur verið rætt um að leggja fram vantrauststillögu á Sigmund. Hann íhugaði aldrei að segja af sér.

„Það væri afskaplega undarlegt að fara í slíkar vangaveltur út frá því að í ljós hafi komið að ég hafi í öllum mínum störfum tekið almannahagsmuni fram yfir hagsmuni nákominna ættingja, og um leið hafi komið í ljós að konan mín hafi staðið skil á öllum sínum sköttum og gjöldum frá upphafi. Það væri skrýtið tilefni til að hugleiða slíkt.“

Hann efast ekki um að samstarfsflokkurinn myndi styðja hann ef slík tillaga væri lögð fram. „Ég efast ekki um það. Ég hef fundið stuðning frá fólki í Sjálfstæðisflokki eins og Framsóknarflokki enda væri vantrauststillaga á forsætisráðherra vantrauststillaga á ríkisstjórnina. Ég held hins vegar að það gæti verið ágætt að taka þá umræðu, og þá gefst tóm til að fara yfir störf ríkisstjórnarinnar og jafnvel þeirrar síðustu líka.“

### Skattaskjól alvarlegt mál

Almennt segir Sigmundur það að gefa ekki upp eignir og geyma þær í skattaskjólum mjög alvarlegt mál. Hann segir ríkisstjórnina raunar hafa stigið það sem kalla mætti óvanaleg skref í því að reyna að koma upp um slíkt.

„Ég gerði t.d. allt eins ráð fyrir því að það væru upplýsingar um þetta félag eiginkonu minnar í þessum gögnum sem við höfum verið að kaupa, listum um félög á aflandseyjum, og sá ekkert að því enda alltaf verið gerð grein fyrir þessu fyrirtæki. Því hefur aldrei verið haldið leyndu. Það er bara listi yfir fyrirtæki, hvort sem gjöld og skattar hafa verið borgaðir eða ekki. En það er auðvitað fráleitt að nota orðið skattaskjól í þessu máli og þversögn raunar. Þetta er ekki skattaskjól ef skattarnir eru greiddir hér. Það eru ýmsar ástæður auðvitað fyrir því að menn stofna svona aflandsfélög, sérstaklega á árum áður. Þetta var ekkert sérstakt markmið hjá eiginkonu minni að eignast svona fyrirtæki, hún fékk arf frá fjölskyldufyrirtækjunum og leitaði ráða um hvernig best væri að haga málinu.

Við höfðum hugsað okkur að setjast að í útlöndum, höfðum verið í Bretlandi og gerðum ráð fyrir að vera áfram erlendis. Hún fékk þá ráðgjöf að þá væri best að hafa þetta á erlendum reikningi og svona félag myndi gera þetta aðgengilegt hvar sem við myndum búa. Hvorki hún né ég höfðum sérstaka þekkingu á því hvað fælist í svona félagi. Þetta var bara einhver pakki sem boðið var upp á á þessum tíma. Og ég held að hundruð Íslendinga hafi gengið inn í svipaðan pakkadíl, ef svo má segja. Það er ekkert að því að eiga félög erlendis ef lögum er fylgt. Aðalatriðið er að allt sé gefið upp.“

### Vill hitta Kára og ræða málin

*Þegar þú stóðst í kosningabaráttu sagðir þú: Ég ætla að leiðrétta skuldirnar ykkar og semja við kröfuhafa. Hvað sem hverjum finnst um þetta allt saman, þá sagðirðu þetta fyrir kosningar og þú stóðst við það. Af hverju stendurðu ekki keikari? Af hverju ertu alltaf að hengja þig í smáatriðin? Fara í ritdeilur við Kára Stefánsson og ræða um tíð síðustu ríkisstjórnar?* „Þetta er alveg gild spurning. Og auðvitað eitthvað sem maður ætti að hugleiða, hvort maður hafi ekki nálgast þetta á nógu jákvæðum nótum, sem þó er fullt tilefni til. Pirrað sig of mikið út af hlutum sem skipta ekki höfuðmáli. Það kann vel að vera að ég þurfi að hugleiða að nálgast hlutina öðruvísi. Ég viðurkenni það. Með Kára freistaðist ég til þess að svara honum í upphafi því ég hef alltaf haft lúmskt gaman af Kára. Þess vegna má segja að hafi verið ákveðinn virðingarvottur í því fólginn að svara honum, svo fannst mér hann gefa svo mikið færi á sér. Ég stóðst ekki freistinguna. En það er komið gott hjá okkur Kára. Ég fer kannski bara og hitti hann bráðum. Það er alltaf upplifun að hitta Kára!“

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
24. MARS 2016 FIMMTUDAGUR



# BEITNINGARMAÐUR AÐ VESTAN

**Gallabuxur og skyrtur einkenna fatastíl tónlistarmannsins Futuregrapher. Hann fylgir þó engri ákveðinni stefnu en finnur fyrir andanum í gömlum klæðnaði. Fatamarkaðurinn við Hlemm er í uppáhaldi.**

Hér klæðist Árni húfu frá 66°Norður sem hann hefur lengi notað, bol sem Bibbi Curver gaf honum og skyrtu keypta á markaði í Toronto. Kósíbuxur eru keyptar í Berlín en úlpan á fatamarkaðinum Hlemmi.

FRAMHALD Á SÍÐU 2 »

MYND/ERNIR






Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is







My Style tískuhús

Stærðir 38-52

my style

Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464




**Húfan og peysan eru úr Farmers Market. Bæði buxurnar og skórnir, sem Árna finnst rosalegir, eru keyptir á fatamarkaðinum á Hlemmi.** MYND/ERNIR

» Tónlistarmaðurinn Árni Grétar, öðru nafni Futuregrapher, þykir hafa skemmtilegan fatastíl sem byggir helst á gallabuxum og skyrtum. Sjálfur vill hann kalla stíl sinn „beitningarmaðurinn að vestan“ en þannig klæddist hann forðum við störf sín sem beitningarmaður. „Þetta er svona ákveðinn sjóarastíll og því klæðist ég oftast kósí fötum. Eiginlega fylgi ég engri ákveðinni stefnu, ég er bara ég sjálfur en finn fyrir andanum í gömlum klæðnaði. Ef ég fer hins vegar í betri fötin þá klæðist ég yfirleitt fötum frá Farmers Market.“

Honum finnst klæðnaður ungra karlmanna í dag vera mjög sexí. „Það eru flestir að klæðast bara því sem þeim þykir töff. Mér finnst líka gaman að sjá menn vera að dressa sig upp í einhverju sem er blanda af gömlum reif-fatnaði frá tíunda áratugnum og gömlu sjóarabuxunum hans afa.“

## NOTUÐ FÖT HEILLA

Aðspurður um uppáhaldsfataverslanir heima og erlendis nefnir hann fyrst fatamarkaðinn við Hlemm. „Hann er algjör snilld. Þar ríkir rosalega kósí andrúmsloft og þar fást föt sem hafa yfirleitt gengið manna á milli sem hentar mér vel. Ég elska að vera í fötum sem enginn annar vill kaupa auk þess sem það fer mér líka vel. Uppáhaldsfataverslanir erlendis eru bara allar þessar „second-hand“ búðir í Berlín. Ég hef spilað mikið í Berlín undanfarin ár og þar versla ég mikið.“

Það var einmitt í Berlín sem Árni keypti uppáhaldsflíkina sína. „Þá átti ég langan göngutúr um borgina í leit að skyrtu og fann hina fullkomnu skyrtu. Hún er bleik, blá, dökkgræn, köflótt og kósí. Bara allur pakkinn. Þessi skyrta er mín bestu kaup. Verstu kaup mín eru hins vegar eflaust ótrúlega falleg og þægileg skyrta sem ég keypti í Kaupmannahöfn fyrir mörgum árum. Ég gleymdi henni hins vegar í lestinni sem var mjög sorglegt.“



**Litfögur uppáhaldsskyrta Árna sem keypt var í Berlín, gallabuxur og Adidas-skór.** MYNDIR/ERNIR

## SUMARSMELLUR Í BÍGERÐ

Nauðsynlegir fylgihlutir fyrir tónlistarmanninn eru töskur. Og mikið af þeim. „Ég nota mikið töskur í öllum stærðum því ég ferðast oft um bæinn með upptökutæki og stundum trommuheila og litlar græjur. Svo fer ég líka alltaf í Vesturbæjarlaugina þannig að sundpokinn er líka í töskunni.“

Árni hefur starfað undir heitinu Futuregrapher síðan 2007. Hann hefur gefið út tvær breiðskífur auk einnar plötu með Jóni Ólafssyni. „Síðan hef ég gert ótal remix og unnið hljóðverk í stuttmyndir, fyrir leikhús og samið tónlist með fullt af tónlistarmönnum í alls konar samstarfsverkefnum. Fyrir stuttu kláraði ég nýja plötu sem heitir Hrafnagil.“

## SPENNANDI TÍMAR FRAM UNDAN

„Ég spila á Írlandi í næstu viku með félögum mínum í Möller Records og í Póllandi í næsta mánuði. Ný plata með Jóni Ólafssyni er í burðarliðnum. Svo er ég og Royalbræður að koma með einn sumarsmell í maí. Það verður hittari ef fólk kann enn að meta 80's rómantík og 90's bræðing af haltu-mér-slepptu-mér ást.“

starri@365.is



# MEÐ HANDBRAGÐI FAGMANNSINS

Íslenska sveitin bregst aldrei. Þar er ferskleiki á hverjum hól og þar fær SS besta hráefni sem völ er á. Handbragð sterkra fagmanna SS gerir góða vöru enn betri og góð vara er lykillinn að góðum stundum. Veldu SS steikina með handbragði fagmannsins.

Íslenska sveitin og SS – fyrir þig.




ÁRNASYNIR

# KJÓLAR SEM MINNA Á SUMARIÐ

Sænska leikkonan **Alicia Vikander** vakti mikla athygli þegar hún kom á Óskarsverðlaunahátíðina klædd gulum kjól frá Louis Vuitton. Hún er ekki ein um að vera hrifin af gulu. Í hausttískunni fyrir 2016 eru gulir kjólar áberandi.

Þar sem gulur litur tengist páskum er ekki úr vegi að sýna nokkra fallega kjóla í páskalit. Þeir eru sumarlegir og lýsa upp umhverfið. Gulir kjólar eru oft mjög klæðilegir, sértaklega fyrir dökkhærðar konur. Kate Middleton var í gulum kjól þegar hún fór heim af fæðingardeildinni eftir fæðingu dóttur sinnar. Kate hefur mikil áhrif á klæðaburð enskra kvenna. Hún klæðist reyndar oft stuttum, gulum kjólum og kápum. Sítrónugulur er meðal þeirra lita sem verða vinsælir í sumar. Gulu kjólarnir minna á sumarið og sólina. Það er ekki seinna vænna að láta sig aðeins dreyma um hlýrri daga.


Vanessa Simmons var í fallegum gulum kjól þegar hún mætti á Grammy-hátíðina í Los Angeles.


Guo Pei sýndi vor- og sumartískuna 2016 á tískuviku í París. Glæsilegur kjóll með fallegum skreytingum.


Francisca Lachapel kom á hátíð latíntónlistar í Miami á Flórída í gulum, fallegum kjól.


Þennan kjól sýndi Valentino þegar hausttískan var kynnt á tískuvikunni í París fyrr í þessum mánuði.


Þetta fallega dress frá Vionnet var sýnt á tískuvikunni í París fyrir haust- og vetrartískuna.


Leikkonan Alicia Vikander var í gulum kjól frá Louis Vuitton á Óskarsverðlaunahátíðinni.


Rasit Bagzibagli sýndi gulan kjól á tískuviku í Istanbúl þar sem hausttískan 2016 var kynnt.


Leikkonan Lily Rabe mætti á Screen Actors Guild verðlaunahátíðina í Los Angeles í gulum kjól.





Otovent

Meðferð við eyrnabólgu og vökva í miðeyra

– lagar og fyrirbyggir

- Um 70 % fá bót við fyrstu notkun
- Vel rannsökuð meðferð sem leiðréttir undirþrýsting í miðeyra, opnar kokhlustina svo að vökvi eigi greiða leið.
- Getur dregið úr notkun sýklalyfja, ástungum og rörum í eyrum.
- Góður árangur tengt flugi, köfun, sundi og kinnholustíflum. Fyrir börn og fullorðna.
- CE merkt – Meðmæli lækna.


Undirþrýstingur í miðeyra með vökva.


Eftir þrýstingsjöfnun með Otoventblöðru, miðeyrað opið og engin vökvi.

Fæst í apótekum

www.celsus.is

# KOLAPORTIÐ

## Einstakur markaður í hjarta borgarinnar

## PÁSKAR

Við verðum í sólskinskapi um helgina og óskum landsmönnum öllum gleðilegrar páskahátíðar.

24.3 **Skírdagur Opið** 11 - 17

25.3 **Föstudagurinn langi Lokað**

26.3 **Laugardagur Opið** 11 – 17

27.3 **Páskadagur Lokað**

28.3 **Annar í Páskum Opið** 11 – 17



Vesturgata · Mjóstræti
Fjöldi stæða 106



Kolaportið · Kalkofnsvegur 1
Fjöldi stæða 270



Ráðhúsið · Tjarnargata 11
Fjöldi stæða 130



Traðarkot · Hverfisgata 20
Fjöldi stæða 270

**Kolaportið er umkringt af bílastæðahúsum**








FRÉTTABLAÐIÐ

59,9%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Skv. prentmiðlakönnun Gallup, okt.– des. 2015.




Engill á tískusýningu. Victoria's Secret.



Á rauða dreglinum.



Á götum Parísar.



Á gangi um New York í desember í fyrra.



Á tískusýningu Giambattista Valli í mars.

# MEÐ 4,5 MILLJÓNIR FYLGJENDA Á INSTAGRAM

**Gigi Hadid** er 21 árs fyrirsæta sem hefur náð ómældum vinsældum undanfarið en þær þakkar hún að mörgu leyti mætti samfélagsmiðla þar sem Gigi er virkur þátttakandi.

Gigi heitir raunar Jelena Noura Hadid. Hún er dóttir fasteignafrömuðar af palestínskum uppruna og fyrrverandi fyrirsætu, Yolöndu Foster. Móðir hennar hefur helst unnið sér það til frægðar að vera ein af húsmæðrunum í raunveruleikaþáttunum The Real Housewives of Beverly Hills.

Ferill Gigi nær raunar yfir tvo áratugi því tveggja ára gömul var hún uppgötvuð af Paul Marciano hjá Guess og sat hún fyrir í auglýsingum fyrir Baby Guess. Ferillinn var þó settur á pásu í nokkur ár meðan Gigi einbeitti sér að skólanum en árið 2011, þá sextán ára, samdi hún við IMG Models.

Hún hefur setið fyrir á fjölmörgum forsíðum, til dæmis fyrir Vogue, Elle og Harper's Bazaar og Sports Illustrated. Þá hefur hún tekið þátt í tískusýningum velflestra stóru tískumerkjanna.

Gigi hefur vakið athygli fyrir skemmtilega framkomu á samfélagsmiðlum og er með 4,5 milljónir fylgjenda á Instagram. Þar póstar hún myndum úr sínu daglega lífi og af sér og bestu vinkonum sínum sem eru ekki af verri endanum en þar má nefna ofurfyrirsæturnar Cöru Delevingne og Kendall Jenner og söngkonuna Taylor Swift.



ALLA DAGA VIKUNNAR Í OPINNI DAGSKRÁ KL. 18.30



VIÐ FLYTJUM ÞÉR

FRÉTTIRNAR

Fréttir Stöðvar 2, í opinni dagskrá alla daga vikunnar, alla daga ársins, kl. 18.30.

365
FRÉTTASTOFA

# SKAPANDI AÐ VINNA MEÐ KRÖKKUM

**Eygló Margrét Lárusdóttir** fatahönnuður kennir krökkum og unglingum að hanna og sauma föt. Hún segir kennsluna skemmtilega, það sé skapandi að vinna með krökkunum og sjálf fái hún fjölmargar hugmyndir út úr vinnunni. Vetrarlína Eyglóar kemur á markað í sumar.

„Við stelpurnar í Kiosk sýndum í Ráðhúsinu í Reykjavík á HönnunarMars og ég er að leggja lokahönd á vetrarlínuna mína. Hún er með glæpaþema. Það var svolítið fyndin blanda að kenna krökkum og vera svo að skoða morðvopn inni á milli,“ segir Eygló Margrét Lárusdóttir fatahönnuður, en hún kennir krökkum og unglingum að hanna föt og sauma í helgarsmiðju í Klifinu 2. apríl. Hún segir kennsluna eiga vel við sig. Það sé skapandi og skemmtilegt að vinna með krökkum.

„Ég er búin að vinna sem fatahönnuður í mörg ár en hafði ekki gert neitt þessu líkt áður þegar ég var fengin í Garðaskóla til að kenna saumanámskeið í vetur. Mér fannst það svo ótrúlega skemmtilegt að ég ákvað að hafa samband við Klifið og athuga hvort þau vildu nýta krafta mína þar,“ segir Eygló.

„Ég fékk sjálf ótrúlega mikið af hugmyndum út úr vinnunni með krökkunum. Þau voru svo frábær og gaman hvað þau voru ánægð með mig, unglingarnir. Það kom margt flott út úr þessu og ég sá fyrir mér að ég gæti gert þetta meira sérhæft.“

Hvað ertu að kenna þeim?

„Námskeiðið verður ein helgi og við vinnum út frá einni peysu. Ég kenni nokkrar mismunandi aðferðir, applikeringar og fleira og kem með helling af efni sem krakkarnir geta gert tilraunir með. Ég get svo séð um að setja flíkina saman fyrir þau. Það þarf ekki að kunna að sauma til að mæta heldur verður meiri áhersla lögð á að vera skapandi og prófa sig áfram. Á námskeiðinu í Garðaskóla mætti ég með haug af tískublöðum sem þau máttu fletta og rífa úr en við skoðuðum líka alls konar hluti til að fá innblástur, smásjármyndir af lífverum og ýmsu sem við reyndum svo að túlka yfir í textíl. Sjálf er ég að breytast í hálfgerðan textílperra. Í vetrarlínunni minni er ég til dæmis mikið með prjón og leiserskurð og hef mikið verið að gera tilraunir uppi í FabLab með að leiserskera í nýtt efni. Ég hafði rosalega gaman af þeim tilraunum og legg áherslu á það við krakkana að velja ekki bara eitthvað upp úr tískublöðunum til að gera eftir, heldur gera tilraunir sjálf,“ segir Eygló.

**heida@365.is**



**Fatnaður Eyglóar er gjarnan skreyttur litríku prenti. „Ég kenni nokkrar mismunandi aðferðir, applikeringar og fleira og kem með helling af efni sem krakkarnir geta gert tilraunir með.“** MYND/EYGLÓ

> Ég fékk sjálf ótrúlega mikið af hugmyndum út úr vinnunni með krökkunum. Þau voru svo frábær og gaman hvað þau voru ánægð með mig, unglingarnir. Það kom marg flott út úr þessu.
>
> Eygló Margrét Lárusdóttir



**Eygló Margrét Lárusdóttir fatahönnuður hannar undir heitinu EGLÓ. Hún sýndi nýja vetrarlínu í Ráðhúsinu á HönnunarMars.** MYND/HANNA ANDRÉSDÓTTIR


bauma 2016 11.–17. apríl Munchen




FRUM - www.frum.is

JCB og Vélfang verða á BAUMA!

Verktakar og vélamenn, kynnið ykkur allar helstu nýjungar frá JCB.

Starfsmenn Vélfangs verða á **JCB** básnum FM 713/1 alla sýningardagana.

*Sigurjón +(354) 840 0827 og Andri +(354) 840 0824*

VÉLFANG VERKIN TALA

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is


## H&M MEÐ BRÚÐARKJÓLALÍNU

Tískurisinn H&M hefur frumsýnt nýja brúðarkjólalínu sína fyrir vorið og sumarið 2016. Kjólarnir verða hluti af Conscious-línunni sem kemur í verslanir úti í heimi þann 7. apríl. Kjólarnir eru ljósir og léttir með draumkenndum línum. Þrjú mismunandi snið eru í boði sem eiga að vísa til hátísku síðustu þriggja áratuga.



> » Kjólarnir eru ljósir og léttir með draumkenndum línum.





## Michelle glæsilega til fara á Kúbu

Michelle Obama hefur löngum vakið athygli fyrir prúðmannlega framgöngu en ekki síður fyrir óskeikult auga fyrir fallegum flíkum. Hún hefur heillað heimsbyggðina með hverju dressinu á fætur öðru og slær ekki feilnótu. Það sama var uppi á teningnum þegar hún fylgdi manni sínum í opinbera heimsókn til Kúbu á dögunum. Þetta er í fyrsta sinn í næstum 90 ár sem forseti Bandaríkjanna heimsækir Kúbu.

Michelle klæddist fallegum kjól frá Carolinu Herrera þegar forsetafjölskyldan lenti í Havana. Í kvöldverðarboði sem Raul Castro bauð hjónunum til á mánudagskvöld var Michelle í kjól eftir Naeem Khan.



MYND/SAGA SIG

## Síðustu sýningar HönnunarMars

Hönnunarþyrstir hafa enn tækifæri til að ná í skottið á HönnunarMars. Formlega stóð aðalhátíðin yfir 10. til 13. mars en enn eru nokkrar sýningar í gangi.

Meðal þess sem enn má sjá er samsýning hönnuða í Lækningaminjasafninu á Seltjarnarnesi, en sýningin verður opin til 26. mars. Þá stendur sýningin Prestar/Frímínútur enn yfir í Gallerii Gróttu á Eiðistorgi.

Í Spark design Space á Klapparstíg 33 stendur sýningin 1+1+1 yfir til 1. apríl en það er samstarfsverkefni hönnuða frá þremur norrænum löndum, Hugdettu frá Íslandi, Petru Lilju frá Svíþjóð og Aalto + Aalto frá Finnlandi.

Skissum saman í Arion banka Borgartúni stendur til 9. apríl og sýningin Leturverk á Mokka kaffi stendur til 13. apríl.

Þá stendur sýningin Þríund á Hönnunarsafninu á Garðatorgi til 29. maí en þar sýna Helga Mogensen skartgripahönnuður, Bjarni Viðar Sigurðsson keramiker og Aníta Hirlekar fatahönnuður.

## HLÉBARÐAMYNSTRIÐ ER HEITT

Oft hefur verið sagt að tískan fari í hringi. Það má færa rök fyrir þeirri staðhæfingu með því að vísa í sýningar hönnuða á hausttískunni 2016 þar sem fjöldinn allur af flíkum var með dýramynstri. Hönnuðir tískuhúsa eins og Givenchy, Prada, Dolce & Gabbana og fleiri klæddu módel sín í hlébarða-, sebra- og jagúarmynstraðar kápur, pils og kjóla en dýramynstur hefur komið fram við og við í gegnum árin. Steff Yotka, blaðamaður bandaríska Vogue, tengir notkun hlébarðamynstursins núna við ímynd hinnar sterku konu í pistli sínum í vikunni. „Líkt og kvenkyns hlébarðar eru veiðimenn flokks síns eru konur í hlébarðamynstri leiðtogar í sínum hópi. Það er því gott að hönnuðir eru farnir að nota doppurnar á hjörð sína því þetta sterka bandalag doppóttra systra getur alltaf bætt við sig fleiri meðlimum,“ segir hún.









# Kökupinnar

## með vanillukremi

**Innihald:**

- 1 pakki Betty Crocker vanillukökumix
- 3 egg
- 180 ml vatn
- 90 ml olía
- 400 g Betty Crocker vanillukrem
- 50 g hvítt súkkulaði til að dýfa pinnunum í
- 200 g hvítt súkkulaði til að hjúpa kökupinnana
- Kökuskraut til að skreyta

**Aðferð:**

Eggjum, vatni og olíu er blandað saman við vanillukökumixið. Hrært vel saman í 2–3 mínútur. Deigið er sett í ferkantað bökunarmót 20x30 cm og bakað við 180°C í 22–27 mínútur.

Þegar kakan er orðin köld er hún tekin í sundur og mulin niður í skál. Vanillukreminu er blandað saman við með gaffli. Blandan á að vera þannig að hún festist ekki við hendurnar en heldur ekki of þurr. Kúlur eru mótaðar, settar á smjörpappír og síðan í kæliskáp í 15–30 mínútur eða í frysti í 5 mínútur.

Kúlurnar eru teknar út, endunum á pinnunum er dýft í súkkulaði og þeim stungið í miðjar kúlurnar. Kökupinnarnir eru kældir aftur í 5 mínútur. Súkkulaði er brætt yfir vatnsbaði og síðan notað til að hjúpa kökupinnana. Kökupinnarnir eru svo skreyttir með kökuskrautinu.

Bílalíf



**ÚTSALA - 2.990.000.**
MMC PAJERO INTENSE. Árg.2007, ek.167.þús km, dísel, sjálfskiptur,einn eigandi, er á staðnum. Rnr.127279. S:562-1717.



**EINN MEÐ ÖLLU !**
SKODA OCTAVIA COMBI RS. Árg.2012, ek.122.þús km,hrikalega flottur - einn með öllu + dráttarkrókur, dísel, sjálfskiptur, á staðnum. Verð 2.980.000. Rnr.127685.S-562-1717.



**4 X 4 - AÐEINS 32.ÞÚS KM.**
AUDI A4 TFSI QUATTRO S-LINE TURBO. Árg.2007, ek. aðeins 32.þús km,bensín, sjálfskiptur, einn eigandi, er á staðnum. Verð 3.470.000. Rnr.353173. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

100 bílar bílasala .is



Renault Clio Expression, 5/2015, ek 46 þús km, dísel, beinsk, ásett verð í skiptum 2490.þús, tilboðsverð 2190 þús, er á staðnum, raðnr 152388.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Volvo V70 nýsk. 09/07 ek. 63þús 2,5 t bensín, sjálfsk. Leður, bakkskynjarar. Einn eigandi, verð 2.880.000. kr. s:892-3207



Til sölu reyklaus sjálfskiptur Nissan Almera 2004. Bíll í toppstandi, smurður og yfirfarinn reglulega. Sumar og vetrardekk á felgum. Sk. '17. Ekinn 132.500. Verð 580.000. GSM 8940128



**FRÁBÆR SPARIBAUKUR**
Hyundai Getz 1.1 3d, árg '06 Bsk, ek. 149þkm. Nýskoðaður, ný heilsársdekk omfl. V. 590.000stgr Möguleiki á 100% Visa/euro kortaláni til 36mánaða greiðslubyrði yrði upb 24.000kr á mánuði. S. 861 6448

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar



Til sölu Volvo FL10, 18 tonna krókheisisbíll í góðu standi. Tilboð óskast með eða án fletis. Upplýsingar í síma 892 7512

## Vespur




## Bátar



Bátur til sölu. Lengd 6,8m. Vél Volvo Penta 200. Selst á mjög sanngjörnu verði. Uppl. í s. 8928825



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alagluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.



Til sölu Bayliner 185, 18 feta vatna/sjóbátur með Mercury 200 hestafla vél. Verð 2,8m. S: 8225113. Einnig til sölu 22m2 bátaskýli í Skorradal.

## Vinnuvélar



Volvo EW 160C árgerð 2008 Vinnustundir: 9700 Liðgálgi 2. Skóflur. Rótortilt á hraðtengi. Lappir og tönn Smurkerfi Bakk myndavél. Dísel miðstöð Kemur til greina að taka bíl upp í Verð 7.800.000 + vsk Uppl gefur Bóas í síma 7775007

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

# ÞJÓNUSTA

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**MÁLNINGI**
Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

# Páskakaffi

## Hvernig breytum við Íslandi?

**Komdu í páskakaffi til mín**
**föstudaginn langa kl. 14-18**
**og kynntu þér málið.**



## Ástþór Magnússon

Friðarsetrið, Vogsel 1, 109 Reykjavík. Sími: 4962000

**Allir hjartanlega velkomnir**

## Umhverfisvænir bílar

er einn af mörgum þáttum sem er að breyta umhverfi okkar til hins betra.
Er með sýningarbíl frá islandus.is á staðnum






SKORRADALUR-VATNSENDAHLÍÐ 135

OPIÐ HÚS ALLA PÁSKAHELGINA KL. 13-17

- Glæsilegur fullbúinn bústaður, mikið útsýni
- Þrjú svefnherbergi, opin stofa og eldhús
- Frábær staðsetning, stutt frá borginni
- 130.fm yfirbyggð verönd til beggja enda
- Eigandinn verður á staðnum, s: 8993119
- **V.27.9 milj.**



Hafðu samband
NADIA KATRÍN BANINE
Sölufulltrúi. Sími 692 5002



Hafðu samband
SVEINN EYLAND
Löggiltur fasteignasali. S. 512 4900

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
ÍRIS HALL - Löggiltur fasteignasali
**SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS**

---

## Til leigu 100 fm. atvinnuhúsnæði í í miðju Borgarness, á móti ÁTVR í verslunarmiðstöðinni Hyrnutorgi,

Hentar mjög vel fyrir t.d. verslun, þjónustu, kaffihús o.fl.

Frábært tækifæri á ört vaxandi ferðamannasvæði

Allarar nánari upplýsingar í síma 430-5502 / Guðsteinn
eða gudsteinn@kb.is
Borgarland ehf.



---

## Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar

REYKJANESBÆR

## Aðalfundur 2016

Aðalfundur sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 14. apríl nk. kl. 16.30. Fundurinn verður haldinn í bæjarstjórnarsal, Tjarnargötu 12.

**Dagskrá:**
- Venjuleg aðalfundarstörf skv. 5.grein samþykkta sjóðsins.
- Breyting á framtíðarrekstrarformi sjóðsins. Umræður – kynning.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar eru hvattir til að mæta vel og stundvíslega.

*Stjórn Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar*

---

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

---




PIPAR \TBWA • SÍA • 160001

# Fasteignir til sölu á Ásbrú

Íslenska ríkið er eigandi fjölda fasteigna af öllum stærðum og gerðum á Ásbrú, Reykjanesbæ. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Kadeco, sem fer með umsjón og þróun svæðisins, óskar eftir tilboðum í allar fasteignir ríkisins eða stóran hluta þeirra. Margar fasteignanna eru nú þegar í útleigu en allar eru þær til sölu. Eignirnar eru í aðskildum félögum og því er einnig mögulegt að kaupa einstök félög. Tilboðum í allar fasteignirnar, eða hluta þeirra, þarf að fylgja lýsing á því hvernig tilboðsgjafar hyggjast nýta þær og þróa svæðið í þágu atvinnulífs og samfélags. **Farið verður yfir öll tilboð mánudaginn 11. apríl nk.**






**Allar fasteignir ríkisins í umsýslu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar eru til sölu, þær eru eftirfarandi:**

Aðaltröð • 2 • 4 Bogatröð • 1 • 10 • 10a • 17 • 31 • 33 Borgarbraut • 953 • 960-963 • 962 Breiðbraut • 643-647 • 643R • 668-669 • 668R • 670 • 671-679 • 671R • 672 • 674 • 675 Ferjutröð • 9 Flugvallarbraut • 710 • 732 • 749 • 740 • 752 • 770 • 771 • 773 • 778 • 790 • 937 • 941 Grænásbraut • 501 • 506 • 614 • 602R • 603-607 • 619 • 700 • 920 • 999 Heiðartröð • 517 Keilisbraut • 745 • 747-748 • 747R • 749 • 762 • 770-778 • 770R • 771 • 773 Lindarbraut • 636 • 639 Skógarbraut • 914 • 915 • 916R • 916-918 • 917 • 919 • 921 • 922 • 923 • 924 • 925 • 932 • 946 Suðurbraut • 758 Valhallarbraut • 738 • 743 • 744 • 763-764 • 763R

Við mat á tilboðum verður einkum horft til kaupverðs. Þó er áskilinn réttur til að meta hugmyndir bjóðenda um nýtingu og ráðstöfun eignanna, s.s. áhrif á eftirspurn eftir öðrum eignum á svæðinu og almennt á nærsamfélagið. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar áskilur sér rétt til að taka því tilboði sem það telur hagstæðast, m.a. út frá ofangreindum þáttum, eða hafna þeim öllum.

**Þú getur skoðað eignirnar nánar á kadeco.is.**

Kadeco Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.kadeco.is

ÁSBRÚ

markhönnun ehf

# nettó



# Gleðilega páska

PÁSKA AFSLÁTTUR 40%

GRÍSABÓGUR HRINGSKORINN
**599**
ÁÐUR 998 KR/KG



Frábært verð

STÓR HUMAR VIP ASKJA 800G
**6.989**

HUMAR ASKJA 2 KG
**9.998**



STÓR PÁSKAKJÚKLINGUR M/FYLLINGU
**1.273**
ÁÐUR 1.498 KR/KG



PÁSKA AFSLÁTTUR 20%

EMMESSÍS SKAFÍS - 3 TEG
**279**
ÁÐUR 349 KR/PK



PÁSKA AFSLÁTTUR 20%

JENSEN'S SÓSUR - 8 TEG
**478**
ÁÐUR 598 KR/STK



Dúndur verð

SS LAMBALÆRI
**1.199**
ÁÐUR 1.398 KR/KG



PÁSKA AFSLÁTTUR 50%

JARÐARBER 250 G
**299**
ÁÐUR 598 KR/PK

## Opnunartími yfir páska

| Verslanir: | Skírdagur | Föstudagurinn langi | Páskadagur | Annar í páskum |
|---|---|---|---|---|
| Glerártorg | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Borgarnes | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Egilsstaðir | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Grandi* | Opið til miðnættis | Lokað | Lokað | Opið 24. kls |
| Grindavík | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Búðakór | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Hrísalundi | 10.00-21.00 | Lokað | Lokað | 10.00-21.00 |
| Húsavík | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Höfn | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Salavegi | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Mjódd* | Opið til miðnættis | Lokað | Lokað | Opið 24. klst |
| Reykjanesbær | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Selfoss | 10.00-21.00 | Lokað | Lokað | 10.00-21.00 |

*Nettó Mjódd og Granda opnar á miðnætti aðfaranótt laugardagsins 26. mars og annars í páskum.

**www.netto.is | Tilboðin gilda 23. – 28. mars 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Glerártorg · Hrísalundur · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Húsavík · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.





Í húsnæði Ljóssins er aðstaða fyrir skapandi störf og líkamsrækt svo eitthvað sé nefnt. Í hverjum mánuði koma þangað um 300 manns. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Rými til að gleðjast og gráta

**Erna Magnúsdóttir**, stofnandi endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðvarinnar Ljóssins, gleðst yfir því að geta aukið lífsgæði fólks og verið brú þess út í lífið á ný. Ljósið er fyrir þá sem fengið hafa krabbamein og aðstandendur þeirra.

Ingibjörg Bára Sveinsdóttir
ibs@frettabladid.is



Nær 300 manns, einstaklingar sem hafa fengið krabbamein og aðstandendur þeirra, koma í hverjum mánuði í endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðina Ljósið sem hlaut aðalverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins í ár.

„Notendur eru frá 18 ára og upp úr en aðstandendur eru á öllum aldri. Fyrr í vetur voru hér fimm ungar mæður með börnin sín sem voru á aldrinum þriggja mánaða til eins árs. Þetta voru mæður með börn á brjósti. Það var svolítið sérstakt. Að fá að koma með börnin sín gerir fólki kleift að koma í endurhæfingu. Við höldum námskeið fyrir börn alveg niður í sex ára og sérhæfð námskeið fyrir unglinga sem ýmsir fagaðilar utan úr bæ koma að. Það er verið að styrkja aðstandendur til að mæta óvæntum aðstæðum,“ greinir Erna Magnúsdóttir, stofnandi og forstöðumaður Ljóssins, frá.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins 2016

„Hér er rými til að viðra málin og gráta en líka til að gleðjast og skapa,“ segir Erna þegar hún sýnir stolt húsakynnin á Langholtsveginum sem Ljósið á. Þar er aðstaða fyrir sjúkraþjálfun, nudd, líkamsrækt, eins og til dæmis jóga, og skapandi störf. Snyrtistofa, viðtalsherbergi, eldhús og kaffistofa er í húsinu þar sem þess er gætt að allt sé eins heimilislegt og hægt er.

Hún getur þess að tildrögin að stofnun Ljóssins megi rekja ellefu ár aftur í tímann. „Ég tók þátt í tilraunaverkefni á vegum Landspítala um stofnun endurhæfingardeildar fyrir krabbameinsgreinda frá 2002 til 2004 sem þá var á Kópavogshæli. Deildin var síðan flutt í tvö lítil herbergi í Borgarspítalanum. Mig langaði til að vera með þessa starfsemi úti í þjóðfélaginu, utan veggja spítalans. Ég hafði alltaf trú á slíku fyrirkomulagi og það gerðu fleiri.“

Vísir að starfseminni hófst haustið 2005 þegar Ljósið fékk inni í gamla safnaðarheimilinu í Neskirkju, tvo eftirmiðdaga í viku. Stofnfundur var haldinn í janúar 2006. Það var svo árið 2007 sem Ljósið tók á leigu gamla Landsbankahúsið á Langholtsveginum.

„Það stóð margt hugsjónafólk að þessu með mér. Við bjuggum til sjálfseignarstofnun og við fengum strax svolítinn styrk frá ríkinu sem við erum þakklát fyrir. Það var hins vegar ekki fyrr en í fyrra sem við fengum 50 prósenta styrk frá ríkinu til starfseminnar. Ef ríkið hjálpaði okkur meira væri þetta auðveldara en skilningurinn á nauðsyn þessarar starfsemi er orðinn meiri,“ tekur Erna fram.

### Ómetanlegar gjafir

Ljósið hefur sjálft staðið fyrir fjölda safnana til að geta staðið undir rekstrinum. Árið 2010 söfnuðu samtökin Á allra vörum fyrir Ljósið til að það gæti keypt húsið sem starfsemin fer fram í. „Á allra vörum söfnuðu fyrir 70 prósentum af verði hússins og keyptum við það ári seinna. Oddfellow-reglan gaf okkur svo viðbyggingar við húsið í fyrra. Nú er allt miklu rýmra um starfsemina. Þetta eru ómetanlegar gjafir sem við erum þakklát fyrir.“

Erna leggur áherslu á að hún sé jafnframt afar þakklát fyrir að hafa fengið Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins en þau eru veitt þeim félagasamtökum sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir alla.

„Mér þykir vænt um að hafa fengið þessi verðlaun. Ég er mjög snortin og þakklát. Verðlaunin sýna að það er borin virðing fyrir því sem við höfum verið að gera fyrir samfélagið. Það varð bylting þegar Ljósið varð til.“

Þeir sem greinst hafa með krabbamein eru oft niðurbrotnir þegar þeir koma fyrst í Ljósið. Erna verður vör við að orðið krabbamein er enn gildishlaðið. „Sumir eiga erfitt með að ræða um veikindi sín en umræðan er sem betur fer orðin opnari. Við ræðum við þann veika um hvernig hægt er að styðja hann. Fólk kemst að því að það er líka gott að vera í hóp og ræða saman hvort sem maður er aðstandandi eða veikur. Fólk getur líka komið hingað þótt það sé búið að missa ættingja sinn.“

### Með fjárhagsáhyggjur

Starfsmenn Ljóssins verða meira varir við fjárhagsáhyggjur þeirra sem koma, heldur en áður. „Núna kemur hingað fleira ungt fólk sem er í mörgum tilfellum að koma sér upp húsnæði. Margir eiga erfitt með að standa undir kostnaðinum vegna meðferðarinnar. Það tekur á að fylgjast með því. Ég vildi að við þyrftum ekki að rukka fyrir þátttöku í starfseminni hér en við tökum afar lágt gjald. En ef fólk á ekki fyrir því er það engin fyrirstaða.“

Erna bendir á að starfsemin byggi á hugmyndafræði iðjuþjálfunar sem frá upphafi hafi byggt á þeirri sýn að það að hafa eitthvað fyrir stafni sé jafn nauðsynlegt heilsu mannsins og að draga andann. „Þegar fólk gengur í gegnum ferli krabbameinsmeðferðar þá minnkar orkan og oft dregur úr frumkvæði. Við hjálpum einstaklingunum að virkja sínar sterku hliðar.“

Í Ljósið koma foreldrar sem eru að fylgja fullorðnum börnum sínum, og börn sem koma með foreldrum, auk maka, systkina og vina. „Allir hafa það að markmiði að efla andlega og líkamlega vellíðan. Það gleður okkur að sjá að við getum aukið á lífsgæði fólks og að við séum brú út í lífið á ný.“



Erna Magnúsdóttir, stofnandi og forstöðukona Ljóssins, segir að sér þyki vænt um að hafa fengið Samfélagsverðlaunin. Það sýni að virðing sé borin fyrir því sem Ljósið hefur verið að gera.

## Ljósið

**Endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð**

**STOFNAÐ** Árið 2006.

**MARKMIÐ LJÓSSINS**
Að þeir sem fengið hafa krabbamein og aðstandendur þeirra fái sérhæfða endurhæfingu- og stuðning, þar sem fagfólk aðstoðar við að byggja upp líkamlegt og andlegt þrek.

Ljósið er sjálfseignarstofnun.
*Hægt er að styrkja starfsemina með því að gerast Ljósavinur á vefsíðunni* ***ljosid.is***


NÝTT ÚTLIT
SUGARFREE GUM
WRIGLEY'S
Extra
WHITE
x25
SWEET MINT
Borða
Drekka
tyggja
WRIGLEY'S
Extra®
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Stefán Gunnlaugsson**

lést 23. mars á Hrafnistu í Hafnarfirði.

**Finnur Torfi Stefánsson** — *Steinunn Jóhannesdóttir*
**Gunnlaugur Stefánsson** — *Sjöfn Jóhannesdóttir*
**Guðmundur Árni Stefánsson** — *Jóna Dóra Karlsdóttir*
*Ásgeir Gunnar Stefánsson* — *Sigrún Björg Ingvadóttir*
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Unnur Steingrímsdóttir**

Laugarnesvegi 92, Reykjavík,

lést þann 19. mars síðastliðinn.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

**Sigurður Stefán Þórhallsson**
**Gunnar Sigurðsson** — **Hlédís S. Hálfdánardóttir**
**Marta Sigurðardóttir**
**Helga Sigurðardóttir** — **Alfons S. Kristinsson**
**Þuríður Sigurðardóttir** — **Helgi Ómar Pálsson**
**Unnur Sigurðardóttir** — **Ásmundur Kr. Ásmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Þökkum auðsýnda samúð
og hlýhug vegna andláts og útfarar
sambýlismanns míns, föður okkar,
tengdaföður, afa og langafa,

**Páls Guðmundssonar**

Lækjasmára 6, Kópavogi.

**Svana Svanþórsdóttir**
**Sigríður Pálsdóttir** — **Helgi Þórisson**
**Einar Pálsson** — **Linda Friðriksdóttir**
**Kristbjörn Rafnsson**
**Guðmundur Pétur Pálsson** — **Ingibjörg Bernhöft**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Inga H. Jónsdóttir**

lést á Landspítalanum í Fossvogi
þann 20. mars síðastliðinn.
Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju
þann 31. mars næstkomandi kl. 13.00.

**Gréta Erlendsdóttir** — **Hrafn H. Oddsson**
**Jón Tómas Erlendsson** — **Guðrún Yrsa Sigurðardóttir**
**Guðmundur R. Erlendsson** — **Margrét Hanna Guðmundsd.**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn


ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Davíð
útfararstjóri
Óli Pétur
útfararstjóri
ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
551 3485 • udo.is



Sigurður Karlsson hefur í nægu að snúast við þýðingar.

# Á hestbaki með sínum nánustu á afmælisdaginn

**Þýðandinn og leikarinn Sigurður Karlsson fagnar sjötíu ára afmæli á sjálfan föstudaginn langa. Deginum hyggst hann eyða með fjölskyldunni og skella sér á hestbak.**

Sigurður Karlsson, leikari og þýðandi, fagnar sjötíu ára afmæli á morgun, sjálfan föstudaginn langa.

Hann hyggst þó taka daginn rólega og er stefnan sett á að hafa það notalegt með sínum nánustu, þó auðvitað sé líka ætlunin að gera vel við sig. „Við ætlum að fara aðeins út úr bænum, borða, hafa það huggulegt og fara í útreiðartúr,“ segir hann en dregur þó úr hestamennsku sinni þegar hann er spurður að því hvort hann sé mikill hestamaður. „Ég get nú ekki sagt að ég sé það lengur en ég var það svona frá því ég var sex ára og eitthvað fram yfir fertugt og svo dró nú úr þessu en ég á þó að geta setið hest ennþá.“

Sigurður segir að þó hann sé ekki mjög upptekin af afmælisdögum þá sé því ekki að neita að um sé að ræða ákveðin tímamót, enda verði maður víst bara sjötugur einu sinni. „Þetta eru náttúrulega ákveðin tímamót þegar maður er að færast á næsta tug og þá er alveg eðlilegt að halda upp á það að maður sé orðinn algjörlega löglegt gamalmenni.“

> **Þetta eru náttúrulega ákveðin tímamót þegar maður er að færast á næsta tug og þá er alveg eðlilegt að halda upp á það að maður sé orðinn algjörlega löglegt gamalmenni.**

Sigurður lauk leikaranámi frá Leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur árið 1965 og starfaði sem leikari í 40 ár. Einnig stundaði hann nám í finnsku við Háskóla Íslands og og sótti auk þess ýmis námskeið í finnsku og þýðingarfræðum við háskólana í Vasa og Turku í Finnlandi og hefur á síðustu árum fengist æ meira við þýðingar bókmennta og ritverka úr finnsku. „Í viðtali fyrir tíu árum var ég spurður um framtíðaráform og ég sagðist vera að setjast í helgan stein en ég stóð ekki við það. Nema að þá var ég enn þá starfandi leikari en ég hef ekki verið það síðustu tíu árin heldur lagðist ég í að þýða bókmenntir úr finnsku og hef ekkert annað gert síðustu tíu árin og ætla að halda því áfram eitthvað fram á áttræðisaldurinn,“ segir Sigurður en meðal hans nýjustu þýðingarverkefna eru bókin Norma eftir Sofi Oksanen og er þetta fjórða bókin eftir skáldið sem hann þýðir. Einnig þýddi hann leikritið Hreinsun eftir Oksanen en það er byggt á samnefndri bók hennar og segist hann vonast til að þýða næstu bók rithöfundarins hvenær svo sem hún komi út. Í síðustu viku kom síðan út glæpasagan Kólibrímorðin hjá Skruddu og því ljóst að það er nóg við að vera í þýðingunum hjá Sigurði.

Hann segist einnig hafa staðið á ákveðnum tímamótum þegar hann ákvað að færa sig yfir í þýðingarnar af fullum þunga. „Þetta var nú eiginlega á þessum tímamótum þegar ég átti 40 ára leikafmæli og var að verða 60 ára sem ég komst aðeins á bragðið með þessar þýðingar og fannst að þarna væri kannski rétti tíminn til þess að breyta aðeins til og ég hef ekki séð eftir því,“ segir hann ánægður að lokum. **gydaloa@frettabladid.is**



✝

Ástkær móðir, dóttir, systir og vinkona,

**María Traustadóttir**

lést þann 21. mars á líknardeildinni
í Kópavogi í faðmi fjölskyldu. Útför
hennar fer fram frá Fossvogskapellu
föstudaginn 1. apríl kl. 13.00.

Þökkum starfsfólki líknardeildar Kópavogs
og Karitas hjúkrunarþjónustu fyrir einstaka
alúð og umönnun.

**Trausti Þrastarson**
**Viðar Þrastarson**
**Eva Sólveig Þrastardóttir**
**Elvar Gunnarsson**
**Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir**
**Trausti Þorláksson**
**Magnús Traustason**
**Guðlaug Traustadóttir**
**Þorlákur Traustason**
**Alda Þorsteinsdóttir**
**og fjölskyldur aðstandenda.**



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**Egill Daníelsson**

lést á líknardeild Landspítalans
5. mars sl. Útför hans fór fram í kyrrþey
frá Fríkirkjunni 16. mars.
Þökkum hlýhug og auðsýnda samúð.
Sérstakar þakkir til Heimahlynningar.

**Arna S. Sæmundsdóttir**
**Davíð Egilsson** — **Rakel G. Magnúsdóttir**
**Ásgerður Egilsdóttir** — **Emil J. Fenger**
**Dagbjört Stjarna Davíðsdóttir**
**Anna Sól Davíðsdóttir**
**Markus Máni Leó Davíðsson**
**Jakob Eldur Fenger**
**Thea Björk Fenger**
**Esther Valdimarsdóttir**
**Þorsteinn Daníelsson**
**Ágústa Daníelsdóttir**
**Þór Daníelsson**



HRÚTAR
VERÐLAUNAMYND
FRUMSÝND Í SJÓNVARPINU
PÁSKADAG
11 EDDUVERÐLAUN
Ligeglad
STRÍÐ OG FRIÐUR
Skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum
HVAÐ ER SVONA MERKILEGT VIÐ ÞAÐ?
Föstudaginn langa
LIGEGLAD
Ný leikin, íslensk þáttaröð
Annan í páskum
ÖLDIN OKKAR
HUNDUR Í ÓSKILUM
Föstudaginn langa
MEGAS OG GRÍMUR
Páskadag
RÚV OKKAR ALLRA UM PÁSKANA
ÚTVARPSLEIKHÚSIÐ: LJÓSBERARNIR
Skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum
PÁSKAÓPERA ÚTVARPSINS
BRÚÐKAUP FIGAROS
Laugardag
ALDREI FÓR ÉG SUÐUR
ALDREI FÓR ÉG SUÐUR
Á Rás 2, RÚV 2 og RÚV.is
Föstudaginn langa og laugardag
POPP PUNKTUR
POPPPUNKTUR
Skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum
BIRTAN, DÝPTIN OG TÓNLISTIN
JÓN NORDAL NÍRÆÐUR
Páskadag
OG HEIMARNIR RENNA SAMAN
Föstudaginn langa
INNRÁSIN TIL MARS
Skírdag og föstudaginn langa
LIFANDI MORGNAR
Skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum
RÁS 1
RÚV.IS ER MEÐ ÞÉR ALLAN SÓLARHRINGINN
RÁS 2
SARPURINN
ÞAÐ SEM ÞÚ VILT, ÞEGAR ÞÉR HENTAR.
Í TÖLVUNNI, SÍMANUM OG SPJALDTÖLVUNNI. NÁÐU Í APPIÐ FYRIR ANDROID OG IOS.
RÚV
-annað og meira

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Páskarnir byrja með vætu um allt land, ýmist skúrir eða él í öllum landshlutum og hvessir suðaustanlands, suðvestan 13-18 m/s í kvöld. Fyrri hluta dags ætti þó að vera hægur vindur og þurrt fyrir norðan. Kólnar í veðri.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -3° | -1° |
| ←11 | ↙15 | ↘3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | 2° | -4° |
| →7 | ↙8 | ↙6 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -3° | -2° |
| ↙10 | ↙14 | ↙7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -0° | 3° | -4° |
| ↓11 | ←3 | ↙12 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. skraf
6. átt
8. fóstra
9. lúsaegg
11. æst
12. yfirstéttar
14. trimm
16. tveir eins
17. frjó
18. illæri
20. frá
21. málmur

**LÓÐRÉTT**
1. spyrja
3. samtök
4. ofbjóða
5. mælieining
7. deilur
10. hald
13. hrós
15. bæla niður
16. stækkaði
19. holskrúfa

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** nv, **8.** ala, **9.** nit, **11.** ör, **12.** aðals, **14.** skokk, **16.** jj, **17.** fræ, **18.** óár, **20.** af, **21.** króm.
**LÓÐRÉTT: 1.** inna, **3.** aa, **4.** blöskra, **5.** bar, **7.** viðsjár, **10.** tak, **13.** lof, **15.** kæfa, **16.** jók, **19.** ró.

### Skák Gunnar Björnsson

Vignir Vatnar Stefánsson (2.228) átti leik gegn Tom Rydström (2.318) á alþjóðlegu móti í Stokkhólmi fyrir skemmstu.

**Hvítur á leik**

**47. a4!** Afar menntaður leikur sem goðsögnin Ulf Anderson hreifst mjög að. **47...b4** (47...Rc5 hefði veitt mesta vörn) **48. Ra2!** (Nú er pláss fyrir riddarann á a2) **48...Db8 49. Da6+ Kc5 50. Dc5+** og svartur gafst upp.

**www.skak.is:** Áskorendaflokkur um páska.

**Hvítur á leik**



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 2 | | | 3 | |
| 6 | 7 | | | | 4 | | | |
| | | | 5 | 7 | | 4 | 6 | |
| | 2 | | 8 | 6 | 1 | | | |
| | | | | | | | | 9 |
| 4 | | 7 | 3 | 5 | | | | 2 |
| 7 | 9 | 6 | 4 | | | 5 | | 3 |
| | | | 7 | | 5 | | 4 | |
| 3 | 4 | | | | 8 | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | 5 | | | 8 |
| | 2 | | | 8 | | | | |
| 3 | | | | | 1 | | 7 | |
| 8 | 9 | | | | 6 | | | |
| | | 3 | | | | | | 5 |
| 2 | | 4 | 9 | | 8 | | | |
| 4 | | | 8 | | 9 | | 3 | |
| 5 | | | | 2 | 4 | | | |
| 6 | | 1 | | 3 | | 2 | | 9 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | 7 | | | | 2 | |
| | 3 | | 4 | | 1 | | 7 | |
| | | 4 | 2 | 6 | | | 3 | 5 |
| | | 1 | 5 | | | | | 3 |
| 9 | | | | | 3 | 2 | | 8 |
| | | | | | | | | |
| | | 2 | | 4 | 7 | | 6 | |
| 8 | | | | | 6 | | | |
| | 1 | | 9 | | | 7 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 6 | 7 | 3 | 5 |
| 6 | 9 | 5 | 7 | 3 | 4 | 2 | 1 | 8 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 3 | 8 | 7 |
| 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 5 | 1 |
| 7 | 5 | 6 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 | 3 |
| 9 | 3 | 8 | 6 | 4 | 5 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 | 7 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 2 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 5 | 8 | 6 | 1 | 2 | 3 | 4 | 9 |
| 2 | 8 | 4 | 1 | 6 | 3 | 5 | 9 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 9 | 4 | 5 | 8 | 6 | 2 |
| 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 4 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 2 | 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 2 | 7 | 1 | 3 | 5 |
| 6 | 5 | 4 | 1 | 7 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 9 | 2 | 7 | 3 | 8 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 5 | 2 | 1 | 8 |
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 3 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 1 | 2 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







PÁSKASTEIKIN
Í Iceland færðu allt sem þú þarfnast til að setja saman frábæra máltíð og njóta páskanna með fjölskyldu og vinum.
1199 kr. kg
VERÐ ÁÐUR: 1498 KR.
1. FLOKKS SS LAMBALÆRI FROSIÐ. 2,1–2,6 KG
Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.
OPIÐ ALLA PÁSKANA
Opið skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka.
Netgíró
Jón J.
Staðfest!
Greiðsla tókst
Iceland verslun - 4.999 kr.
Kaupa meira
Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausan greiðslufrest.
Skráðu þig á www.netgiro.is
Netgíró
Betri leið til að borga
Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
Iceland

# Fann hvernig slaknaði á mér

**Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari býr og starfar í Bandaríkjunum en í kvöld heldur hún einleikstónleika í Mengi.**


Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari heldur einleikstónleika í Mengi kl. 21 í kvöld.

Fyrir þá sem vilja njóta fallegrar tónlistar um páskana er margt að sækja í Mengi, listamannarekið húsnæði að Óðinsgötu í Reykjavík. Í kvöld verður húsið opnað kl. 20 og kl. 21 hefjast einleikstónleikar Sæunnar Þorsteinsdóttur sellóleikara en Sæunn býr og starfar í Bandaríkjunum.

Sæunn segist að undanförnu hafa verið að spila víða og að auki sé margt spennandi í farvatninu. „Það eru nokkur kammerverkefni í gangi í Bandaríkjunum sem ég hef verið að spila í en ég var þar í námi. Fyrst var ég í Cleveland Institute of Music, síðan í Juilliard í mastersnámi og svo er ég með doktorspróf frá Stony Brook þannig að mitt nám er allt þarna. En svo var ég í haust að byrja að kenna við háskólann í Washington í Seattle og er að kenna bæði selló og kammermúsík.

Mér finnst fara vel saman að vera bæði að fást við að spila og kenna. Þetta gefur mér meiri innblástur og vonandi get ég þá miðlað því til nemenda minna og svo þegar nemendurnir eru að streða við eitthvað þá hjálpar það mér líka að vinna með þeim í gegnum þær áskoranir. Þannig að mér finnst þetta fara mjög vel saman en ég gæti ekki hugsað mér að vera bara að kenna og hætta að spila.“

Þrátt fyrir miklar annir kemur Sæunn heim yfir páskana og segir að hún vildi nú síður sleppa því. „Já, mér finnst mikilvægt að koma heim og sjá fjölskylduna og nota tækifærið til þess að spila aðeins. Það er svo æðislegt að koma heim. Ég var að keyra frá Keflavík í morgun og það var eitthvað svo ferskt og sólin að rísa og ég fann hvernig slaknaði á mér og ég hugsaði: Ég er komin heim.“

Sæunn segist vera sérstaklega spennt fyrir nýju verki sem Páll Ragnar Pálsson er að skrifa fyrir hana og LA Philharmonics. „Í apríl á næsta ári stendur fyrir dyrum íslensk tónlistarhátíð í LA og Daníel Bjarnason er að setja hana saman og kemur til með að stjórna. Þetta er mikið tilhlökkunarefni og ég ætla að nýta tímann líka til þess að hitta Pál Ragnar og Daníel til að stilla saman strengi.

**ÉG GÆTI EKKI HUGSAÐ MÉR AÐ VERA BARA AÐ KENNA OG HÆTTA AÐ SPILA.**

En á tónleikunum í kvöld ætla ég að vera með Bach-svítu og Britten-svítu og svo nýtt verk eftir Jane Antonia Cornish sem ég þekki frá New York. Verkið heitir Portrett og hún skrifaði það fyrir mig. Ég set Britten- og Bach-svíturnar saman af því að Britten skrifaði þrjár svítur en ætlaði sér að skrifa sex eftir Bach-svítunum. Þannig að ég set þriðju svítu hjá Bach og þriðju hjá Britten saman sem par og skoða þær aðeins.“

Aðspurð hvort það sé langt á milli þessara klassísku tónskálda og Cornish segir Sæunn: „Svona já og nei. Í rauninni nota þau sömu hljómagrunna og í raun heyrir maður á ákveðnum stöðum hjá Bach sama bogastrok og hljómagang og maður heyri líka í bæði Britten og Cornish. Það er gaman að sjá hvað þetta er allt öðruvísi en samt er þarna sameiginlegur strengur.“ **magnus@frettabladid.is**




# Reiði í revíuformi

**LEIKHÚS**

**Útför: Saga ambáttar og skattsvikara (870 – 2016)**

★★★☆☆

**Tjarnarbíó**

**Vandræðaskáld**

**Flytjendur:** Sesselía Ólafsdóttir og Vilhjálmur B. Bragason


Vandræðaskáldin Sesselía Ólafsdóttir og Vilhjálmur B. Bragason.

Vandræðaskáldin Sesselía Ólafsdóttir og Vilhjálmur B. Bragason birtust eins og skrattinn úr sauðarleggnum á fjölum Tjarnarbíós síðasta fimmtudag. Þetta kvöld héldu þau kómíska útför, sem hefur reyndar verið haldin nokkrum sinnum áður á landsbyggðinni, en nú er röðin komin að Reykjavík.

Ambáttin og skattsvikarinn skemmta áhorfendum með góðlátlegu en stundum grimmilegu gríni um daglegt amstur, pólitíska vanhæfni og samfélagslega ábyrgð, eða skort þar á. Þetta par er framsett sem útgáfa af alíslenskum erkitýpum sem byggðu landið og lifa hér enn þúsund árum seinna. Ambáttirnar sinna þjónustustörfum og fórna geðheilsunni fyrir lán hjá LÍN en nenna ekki að gera neitt í sínum málum. Skattsvikarinn lifir góðu lífi í skuldlausu einbýlishúsi, fer á rándýr námskeið hjá Dale Carnegie og kennitöluflakk er hans helsti ferðamáti.

Revían er vannýtt form á íslensku leiksviði og þessir vandræðagripir ættu alls ekki að fela sig undir öðrum formerkjum. Sesselía og Vilhjálmur eru ansi lunkin við að snúa upp á íslenskuna eins og titill sýningarinnar gefur til kynna en hann getur bæði þýtt jarðarför og ferð til annars lands. Revíuformið býður nefnilega upp á leirburð og orðaleik af ýmsu tagi, sem og klúra brandara.

Þau hika ekki við að daðra við kolsvartan húmor líkt og í laginu Villibráð sem er byggt á ummælum virkra í athugasemdum varðandi túristavandann. Lausnin er að hluta til fólgin í skotveiðum og alíslenskum drykkjarföngum. Einnig eru karakterar eins og Gylfi Ægis listilega afgreiddir á mettíma, hetjudáðir Gunnars á Hlíðarenda dregnar í efa og fortíðin endalaust fegruð.

Sesselía var örlítið taugatrekkt í byrjun leiks en óx ásmegin þegar líða tók. Flutningur hennar á titillagi sýningarinnar var makalaus og naut hún sín í dramatískari lögunum. Vilhjálmi líður greinilega vel í sínu hlutverki og ber af sér góðan þokka á sviði. Bæði voru þó of föst í sama stílum, en gerðu sitt skilmerkilega. Þau styðjast einungis við raddir sínar, gítarspil og leik á hljómborð, útkoman er lágstemmd en á köflum kostuleg. Á yfirborðinu virðast revíur vera tiltölulega einfaldar en svo er alls ekki. Mikil hæfni felst í að koma forminu til skila, líka frumleg nálgun og fjölbreytt.

En þegar öllu er á botninn hvolft leynist vísir af skattsvikaranum í ambáttinni og skattsvikarinn felur ambáttina. Íslendingar berjast við mikilmennskubrjálæði og minnimáttarkennd til skiptis. Kvarta yfir hverju sem er en flagga frasanum „Þetta reddast!“ reglulega. Öfunda nágrannann af nýja jeppanum en gagnrýna hann fyrir fjárglæfra þegar tækifæri gefst.

Vandræðaskáldin Sesselía og Vilhjálmur tækla líðandi stund með beittu gríni, skondnum textum og ljúfri sviðsframkomu. Í heild mætti meitla sýninguna betur og finna fjölbreyttari framsetningar, bæði að lögunum og sviðsetningu milli atriðanna. En vonandi eru Vandræðaskáldin rétt að byrja og spennandi að sjá hvað þessir grallarar gera næst. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Textahöfundar sem eiga framtíðina fyrir sér.

# Páskakrimminn í ár!

**1.**
**Metsölulisti Eymundsson**
Heildarlisti vika 11




***Annika, hjálpaðu mér!***
Þessi sms-skilaboð eru síðasta lífsmarkið sem komið hefur frá Birgittu, systur Anniku Bengtzon.

★★★★

**„Verðugur endir á sérstöku skeiði í norrænni glæpasagnagerð.“**
*Politiken*

★★★★

**„… fáir höfundar spinna jafn vel saman ólíka þræði …“**
*Íris Davíðsdóttir / Fréttanetið*
*(um **Hamingjuveg**)*



Bækur **Lizu Marklund** um blaðakonuna Anniku Bengtzon hafa komið út á yfir 30 tungumálum og notið gríðarlegra vinsælda. *Járnblóð* er seinasta sagan í þessum bókaflokki.

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

SAMBÍÓIN
GLEÐILEGA PÁSKA
SÝNINGARTÍMAR GILDA FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG
HEIMSFRUMSÝNING
IMDb 8.9
BATMAN v SUPERMAN DAWN OF JUSTICE
BEN AFFLECK HENRY CAVILL
EIN STÆRSTA MYND ÞESSA ÁRS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 12:40 - 3:50 - 7 - 8 - 11:10 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 10:10 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D VIP | KL. 1:40 - 4:50 - 8 - 11:10 |
| FIFTY SHADES OF BLACK | KL. 8 - 10:10 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 4:10 - 6:20 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSL TAL 3D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 |
| GODS OF EGYPT | KL. 8:30 - 11:10 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 10:40 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 1:20 - 3:20 - 3:40 - 5:40 - 6 |
| ZOOTROPOLIS ENSKT TAL 2D | KL. 8:20 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 4:50 - 8 - 11:10 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 10:10 |
| MY BIG FAT GREEK WEDDING 2 | KL. 8 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSL TAL 3D | KL. 2 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 1:20 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 1:30 - 4:40 - 8 - 11 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 7 - 10 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 2:20 - 3:20 - 4:40 |
| GODS OF EGYPT | KL. 10:30 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 8 - 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:10 - 5:40 |
| ROOM | KL. 8 |
| ZOOLANDER 2 | KL. 5:40 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 4:50 - 6 - 8 - 9:10 - 11:10 |
| GODS OF EGYPT | KL. 10:30 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 1:20 - 3 - 3:40 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 3D | KL. 2 |
| ROOM | KL. 5:30 - 8 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSL TAL | KL. 1 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 1:30 - 4:50 - 8 - 11:10 |
| FIFTY SHADES OF BLACK | KL. 8 |
| GODS OF EGYPT | KL. 10:10 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 |

KUNG FU PANDA 3
ZOOTROPOLIS
LONDON HAS FALLEN
GODS OF EGYPT
ÓSKARSVERÐLAUN Besta leikkona í aðalhlutverki - Brie Larson
ROOM

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
BATMAN v SUPERMAN DAWN OF JUSTICE
SPOTLIGHT
TILBOÐ Á VÖLDUM SÝNINGUM Á KUNG FU PANDA OG ALVIN.
Ballett í beinni GISELLE 6. apríl í Háskólabíói FORSALA HAFIN
KUNG FU PANDA 3
MY BIG FAT GREEK WEDDING 2
★★★★ -H.S., MBL
REYKJAVÍK
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is
Smárabíó opnar kl. 12:20 til og með 28. mars

LAUGARÁS BÍÓ
GLEÐILEGA PÁSKA OPIÐ ALLA PÁSKANA!
TÍMAR OG TILBOÐ GILDA 24. OG 25. MARS
POWERSÝNING KL. 21:00
TILBOÐ KL 1:50
GRIMSBY

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | 6, 9(POWER) |
| MY BIG FAT GREEK WEDDING 2 | 5, 8, 10:10 |
| KUNG FU PANDA 3 | 3:55, 6 ENS.TAL |
| KUNG FU PANDA 3 | 1:50, 3:55 ÍSL.TAL |
| BROTHERS GRIMSBY | 10 |
| FYRIR FRAMAN ANNAÐ FÓLK | 8 |
| ZOOTROPOLIS | 2 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR | 1:50 |

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Fimmtudagur Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 24. MARS 2016

### Tónleikar

**Hvað?** Skírdagstónleikar
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Dillon
Dauðyflin halda upp á útgáfu nýrrar kassettu á Dillon en ásamt þeim munu meðal annars koma fram Kælan mikla, World Narcosis og Grafir. Það er frítt inn en kassettuútgáfur með hljómsveitunum Dauðyflunum, Kvöl og Roht verða til sölu á staðnum.

**Hvað?** Tónleikar Hörpu Þorvalds
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kaffislippurinn
Alla fimmtudaga býður Kaffislippurinn upp á lifandi tónlist og skírdagur er engin undantekning. Harpa Þorvalds hefur komið víða fram í gegnum tíðina sem píanóleikari og söngkona. Hún gaf út sína fyrstu sólóplötu í lok árs 2015. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Blúshátíð í Reykjavík
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hilton Hotel Nordica
Í þessari viku verða þrennir stórtónleikar á Blúshátíðinni en í kvöld stíga þau Karen Lovely, John „Del Toro“ Richardson, Þorleifur Gaukur og The Berklee Youngbloods á svið.

**Hvað?** AmabAdamA
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Ein vinsælasta hljómsveit landsins spilar á Akureyri þessa páskana á Græna hattinum. Aðgangseyrir er 3.900 kr en hægt er að nálgast miða á midi.is.

**Hvað?** Sæunn og sellóið
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Sellóleikarinn Sæunn Þorsteinsdóttir kemur fram í Mengi í kvöld og flytur einleikstónlist nokkurra alda á sellóið. Tónlist eftir Bach, Benjamin Britten og Jane Antonia Cornish er meðal þess sem verður á efnisskránni fyrir kvöldið. Húsið er opnað klukkan 20.00 og aðgangseyrir er 2.000 kr.

**Hvað?** Nicolas Kynusz
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Stofan, Vesturgötu 3
Meðstofnandi Lady Boy plötuútgáfunnar og stofnandi Lowercase Nights heldur tónleika. Hann blandar saman nokkrum tegundum af raftónlistar sem gefur frá sér einstaka hljómblöndu.

### Bíó

**Hvað?** Páskaþrjúbíó barnanna: Emil og grísinn
**Hvenær?** 15.00



Hljómsveitin AmabAdamA heldur tónleika klukkan 22.00 í kvöld á Græna hattinum á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvar?** Bæjarbíó
Í dag verður sýnd mynd um prakkarann og óþekktarangann Emil en skammarstrik hans eru víst fleiri en eyjarnar á Breiðafirði, eins og mamma hans er vön að segja. Myndin verður sýnd með íslensku tali en aðgangseyrir er 500 kr.

### Messur

**Hvað?** Requiem eftir Gabriel Fauré
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Laugarneskirkju
Sálumessa eftir Gabriel Fauré verður á dagskrá sem guðsþjónusta þennan skírdag í Laugarneskirkju. Söngsveitin Fílharmónía syngur undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar og Arngerðar Maríu Árnadóttur. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir prédikar.

**Hvað?** Messa, Getsemanestund og föstusöngur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Páskarnir eru stórhátíð í Hallgrímskirkju, sem og öðrum kirkjum, og því er mikið um að vera um þessar mundir. Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir messar og í framhaldinu tekur við svokölluð Getsemanestund. Í lokin flytur Schola Cantorum fagra föstutónlist. Aðgangur er ókeypis.

### Líkamsrækt

**Hvað?** Foam Flex pop-up tími
**Hvenær?** 18.15
**Hvar?** Eríal Pole, Rauðarárstíg 13
Haldinn verður 90 mínútna Foam Flex pop-up tími í kvöld. Tíminn skiptist niður í upphitun og foam-rúllur í 45 mínútur og síðan teygjur í 45 mínútur. Guðrún Sigríður Sæmundsen kennir tímann. Skráning fer fram í afgreiðslunni hjá Erial Pool eða með því að senda póst á erial@erial.is. Aðgangseyrir er 2.000 kr.

## 25. MARS 2016

### Tónleikar

**Hvað?** Ljótu hálfvitarnir
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Ljótu hálfvitarnir stefna á Græna hattinn en mikil eftirspurn er eftir tónleikum þeirra. Aðgangseyrir er 3.900 kr. en hægt er að nálgast miða á midi.is.

**Hvað?** Blúshátíð í Reykjavík
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hilton Hotel Nordica
Rjóminn af íslenskum blústónlistarmönnum kemur fram á þessu lokakvöldi blúshátíðarinnar. Meðal flytjenda má nefna Andreu Gylfadóttur, KK, Ragnheiði Gröndal, Halldór Bragason og mun fleiri. Þetta verður sannkölluð árshátíð íslenskra blúsista.

**Hvað?** Karaoke um páskana
**Hvenær?** 24.00
**Hvar?** Gaukurinn
Fyrra karaoke-kvöldið af tveimur sem haldin verða á Gauknum þessa páskana. Í kvöld verður páskakokteill á tilboði alla nóttina. Húsið opnað á miðnætti en frítt verður inn.



Messa og Getsemanestund verða haldin í Hallgrímskirkju í kvöld klukkan 20.00.

NÚ ER ÞAÐ NEMANDANS AÐ KENNA
KUNG FU PANDA 3
TILBOÐ Á VÖLDUM SÝNINGUM Á KUNG FU PANDA OG ALVIN.
VERTU MEÐ BARNAAFMÆLIÐ HJÁ OKKUR
FJÖLSKYLDUPAKKINN
Allir borga barnaverð
MINNST 4 MIÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS
MIÐASALA smarabio.is emidi.is midi.is
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ
Ódýrt í bíó
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
KUNG FU PANDA 3 SÝND Í 2D ÍSL TAL SÝND KL. 1:50
ZOOTROPOLIS SÝND Í 2D ÍSL TAL SÝND KL. 2
SÝND Í 2D ÍSL TAL SÝND KL. 1:50 ALVIN OG ÍKORNARNIR ÆVINTÝRIÐ MIKLA
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS
TÍMAR OG TILBOÐ GILDA 24. OG 25. MARS

THE VVITCH
BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Anomalisa | 18:00 |
| Reykjavík ENG SUB | 18:00 |
| Chasing Robert Barker | 18:00 |
| The Witch / Nornin | 20:00, 22:00 |
| Spotlight | 20:00 |
| Son of Saul // Saul fia | 20:00 |
| Carol | 22:30 |
| Rams / Hrútar ENG SUB | 22:15 |

REYKJAVÍK

TRUENORTH KYNNIR

# fyrir framan annað fólk

KVIKMYND EFTIR ÓSKAR JÓNASSON

**Þökkum frábærar viðtökur!**

**Yfir páskahelgina verður kvikmyndin sýnd með íslenskum texta svo heyrnardaufir geti einnig notið þessarar rómantísku gamanmyndar sem gagnrýnendur hlaða lofi.**

★★★★
„Íslensk Love Actually!“
HARMAGEDDON

★★★★
„fyndin, vel leikin, fagmannlega gerð og umfram allt bráðskemmtileg!“
FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★
CINEMA SCANDINAVIAN



ISLANDS · sena · RÚV · TRUENORTH · PIPAR\TBWA · TVG-ZIMSEN · ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ




19:15

**SMÁHEIMAR: DALUR TÝNDU MAURANNA**

Í friðsælu skógarrjóðri verða leifar úr nestisferð kveikjan að styrjöld milli tveggja mauraættbálka sem löngum hafa eldað saman grátt silfur. Mauraflokkarnir ásælast báðir sömu gersemina sem er pakki af sykurmolum! Stórskemmtileg fjölskyldumynd.


FRÁBÆR SKÍRDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365


20:45

**NCIS**

Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



21:30

**BETTER CALL SAUL**

Önnur sería þessara óborganlegu þátta um Saul Goodman sem er best þekktur sem lögfræðingur Walters White í þáttaröðinni Breaking Bad.




22:15

**THELMA AND LOUISE**

Tvær konur sem eru orðnar leiðar á lífinu ákveða að breyta til með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þær fara saman í helgarferð en þar gerast atburðir sem breyta lífi þeirra.



22:00

**22 JUMP STREET**

Jenko og Schmidt eru fengnir til að dulbúast sem nemendur í framhaldsskóla og fletta ofan af glæpasamtökum. Sprenghlægileg gamanmynd!




19:30

**LEAGUE**

Bandarísk gamanþáttasería um nokkra vini sem hafa ódrepandi áhuga á amerískum fótbolta og taka Draumadeildina fram yfir einkalífið.



19:00

**KASSATRÖLLIN**

Frábær teiknimynd um ungan dreng sem elst upp í holræsum bæjarins Ostabrúar í góðri umsjá hinna sérkennilegu kassatrölla.




©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


# DAGSKRÁ

# Skírdagur

## STÖÐ 2

**07.00** Waybuloo
**07.20** Mæja býfluga
**07.30** Geimaparnir 2
**08.45** Stuart Little
**10.10** Paddington
**11.45** Lukku láki
**12.10** Litlu Tommi og Jenni
**12.35** Sophia Grace and Rosie's Royal Adventure
**13.55** The Flintstones & WWE: Stone Age Smackdown
**14.45** The Middle
**15.10** Ghostbusters Frábær sígild gamanmynd frá 1984 með Bill Murray, Dan Akroyd og Sigourney Weaver í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um þrjá dulsálarfræðinga sem stofna fyrirtæki sem fæst við að eyða draugum í New York-borg
**16.55** Night at the Museum. Secret of the Tomb
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** The Simpsons
**19.15** Smáheimar: Dalur týndu mauranna
**20.45** NCIS
**21.30** Better Call Saul
**22.15** Thelma and Louise Tvær konur sem eru orðnar leiðar á lífinu ákveða að breyta til með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þær fara í helgarferð út á land en þar gerast atburðir sem breyta lífi þeirra.
**00.20** Gravity
**01.50** X-Men Origins: Wolverine Spennandi vísindaskáldsaga sem segir frá uppruna Jarfa eða Wolverine. Myndin gerist tuttugu árum fyrir atburði fyrstu X-Men myndarinnar og áður en Wolverine varð það sem hann er í dag. Skaphundur mikill og er slóð hans oftast þakin ofbeldi og blóðsúthellingum. Hann verður síðan skyndilega hluti af hinu skuggalega og leyndardómsfulla Weapon X-verkefni og við komumst að því hvernig Wolverine varð að því sem hann er í dag.
**03.35** Rizzoli & Isles
**04.20** Shetland Vandaðir breskir sakamálaþættir frá BBC. Þættirnir fjalla um lögreglumanninn Jimmy Perez sem starfar í afskektum bæ á Hjaltlandseyjum.
**05.20** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

**07.00** Domino's-deildin
**08.40** Premier League
**10.20** Premier League
**12.05** Þýski boltinn
**13.45** Þýsku mörkin
**14.05** UEFA Champions League
**16.40** Domino's-deildin
**18.15** Körfuboltakvöld
**19.00** Domino's-deildin
**21.10** Ítalski boltinn
**22.50** Ítölsku mörkin
**23.10** UFC Live Events 2016
**02.10** UFC Unleashed 2016

## SPORT 2

**10.50** Meistaradeild Evrópu í handbolta
**12.20** Þýski boltinn 2015-2016
**14.00** Ítalski boltinn
**15.40** Ítalski boltinn
**17.25** Spænski boltinn
**19.05** Dominos deildin
**21.10** Premier League
**22.55** Messan
**00.10** Premier League

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Dell Match Play
**14.00** 2010 Augusta Masters
**16.45** Golfing World 2016
**17.35** Inside the PGA Tour 2016
**18.00** Dell Match Play

## STÖÐ 3

**10.35** Junior Masterchef Australia
**11.15** Junior Masterchef Australia
**12.00** Junior Masterchef Australia
**12.45** Junior Masterchef Australia
**13.30** Junior Masterchef Australia
**14.10** Junior Masterchef Australia
**14.55** Junior Masterchef Australia
**15.40** Junior Masterchef Australia
**16.25** Junior Masterchef Australia
**17.10** Junior Masterchef Australia
**17.55** Junior Masterchef Australia
**18.40** Guys With Kids
**19.05** Comedians
**19.30** League
**19.55** Supergirl
**20.40** Discovery Atlas
**22.20** Gotham
**23.05** NCIS Los Angeles
**23.50** Justified
**00.35** First Dates
**01.25** League
**01.45** Supergirl
**02.30** Discovery Atlas
**04.10** Gotham
**04.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Ofurhundurinn Krypto
**07.25** Brunabílarnir
**07.47** Ævintýraferðin
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.45** Tom and Jerry
**08.50** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Sumardalsmyllan
**09.55** UKI
**10.00** Skógardýrið Húgó
**10.25** Latibær
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Ofurhundurinn Krypto
**11.24** Brunabílarnir
**11.48** Ævintýraferðin
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Gulla og grænjaxlarnir
**12.55** Tom and Jerry
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Sumardalsmyllan
**13.55** UKI
**14.00** Skógardýrið Húgó
**14.22** Latibær
**14.45** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Ofurhundurinn Krypto
**15.24** Brunabílarnir
**15.48** Ævintýraferðin
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Gulla og grænjaxlarnir
**16.55** Tom and Jerry
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Sumardalsmyllan
**17.55** UKI
**18.00** Skógardýrið Húgó
**18.22** Latibær
**18.45** Hvellur keppnisbíll
**19.00** The Boxtrolls

## GULLSTÖÐIN

**18.55** Friends
**19.20** Raising Hope
**19.40** Poppsvar
**20.20** Cold Feet 5
**21.15** Major Crimes
**22.00** The Sopranos
**23.00** It's Always Sunny in Philadelphia
**23.25** Mind Games
**00.10** Poppsvar
**00.45** Cold Feet 5
**01.35** Major Crimes
**02.15** The Sopranos
**03.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.20** Shallow Hal
**12.15** Austin Powers in Goldmember
**13.50** Catch Me if You Can
**16.10** Shallow Hal
**18.05** Austin Powers in Goldmember Ofurnjósnarinn Austin Powers er kominn aftur á stjá í kostulegri gamanmynd. Austin hefur þurft að glíma við marga óþokka um dagana en nú reynir á hann sem aldrei fyrr. Ofurnjósnarinn þarf að bregða sér aftur til ársins 1975 því föður hans, Nigel, hefur verið rænt.
**19.40** Catch Me if You Can
**22.00** 22 Jump Street Jenko og Schmidt eru mættir aftur til leiks. Channing Tatum og Jonah Hill leika þá félagana sem við fengum að kynntast í 21 Jump Street. Nú þarf lögreglustjórinn Hardy að kalla þá aftur til starfa þó honum sé það þvert um geð. Verkefni þeirra er enn á ný að dulbúast sem nemendur í framhaldsskóla og fletta þar ofan af glæpasamtökum.
**23.55** In the Electric Mist
**01.40** August: Osage County
**03.40** 22 Jump Street

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**07.01** Kalli og Lóa
**07.13** Pósturinn Páll
**07.28** Vinabær Danna tígurs
**07.41** Eðlukrúttin
**07.52** Hæ Sámur
**08.00** Friðþjófur forvitni
**08.24** Kata og Mummi
**08.35** Babar og vinir hans
**08.57** Loppulúði, hvar ertu?
**09.10** Kapteinn Karl
**09.22** Skrekkur íkorni
**09.45** Litli Prinsinn, III
**10.09** Drekar
**10.30** Fólkið í blokkinni
**11.00** Útsvar
**12.05** Á sömu torfu
**12.20** Endurfundir
**14.00** Grótta - Haukar
**16.00** Violetta
**16.45** Táknmálsfréttir
**16.55** KrakkaRÚV
**16.56** Stundin okkar
**17.26** Eðlukrúttin
**17.38** Kafteinn Karl
**17.50** Krakkafréttir
**18.00** Fréttir
**18.25** Íþróttir
**18.30** Veður
**18.35** Danmörk - Ísland
**20.55** Megas og Grímur
**22.00** Stríð og friður
**23.35** Leaving Las Vegas
**01.25** Svikamylla
**02.25** Skylduverk
**03.25** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser - Ísland
**10.10** The Voice Ísland
**11.40** Earth
**13.25** Leiðin á EM 2016
**13.55** America's Next Top Model
**14.40** The Voice
**16.10** Junior
**18.00** Four Weddings and a Funeral
**20.00** Pretty Woman
**22.00** Green Card
**23.50** Bridget Jones Diary
**01.30** The 40 Year Old Virgin
**03.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.10** The Late Late Show with James Corden
**04.50** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |

# DAGSKRÁ

# Föstudagurinn langi

## STÖÐ 2

**07.00 Mæja býfluga**
**07.15 Litla stóra Pandan**
**08.40 Vaski grísinn Baddi**
**10.10 Stjarnan hennar Láru og draumaskrímslið**
**11.15 Tommi og Jenni**
**11.40 Annie**
**13.35 Dodgeball: A True Underdog Story**
**15.05 Stuðmenn – Tívolí tónleikar**
**16.20 Yes Man** Gamanmynd sem fjallar um Carl Allen sem finnst líf hans standa í stað. Hann ákveður því að skrá sig á sjálfshjálparnámskeið og lærir að segja já við öllu. Hann uppgötvar þó fljótt að vilji hans til að taka á móti hverju einasta tækifæri í lífinu með opnum örmum gæti verið of mikið af hinu góða. Með aðahlutverk fara Jim Carrey, Bradley Cooper og Zoey Deschanel.
**18.05 The Simpsons**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Bomban** Logi Bergmann stjórnar frábærum og stórskemmtilegum spurningaþætti þar sem hann etur saman tveimur liðum, skipuðum tveimur keppendum hvoru, sem allir eiga það sameiginlegt að vera í senn orðheppnir, fyndnir og fjörugir og þurfa að svara laufléttum og skemmtilegum spurningum um allt milli himins og jarðar.
**19.45 American Idol**
**21.10 Fast Five** Mögnuð mynd frá 2011 með Paul Walker og Vin Diesel í aðalhlutverkum. Fyrrum löggan Brian O'Connor fer að vinna með fyrrum tugthúslimnum Dom Toretto, á öfugum enda laganna. Allt síðan Brian og Mia Toretto hjálpuðu Dom að flýja úr fangelsi, þá hafa þau farið yfir mörg landamæri til að sleppa undan réttvísinni.
**23.20 Frankie & Alice**
**01.00 Midnight in Paris**
**02.35 Our Idiot Brother**
**04.05 Yes Man**
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT

**07.45 Premier League**
**09.30 UEFA Champions League**
**11.10 UEFA Champions League**
**12.55 Domino's-deildin**
**14.30 Lengjubikarinn**
**16.10 Meistaradeild Evrópu í handbolta**
**17.35 Spænski boltinn**
**19.15 Spænsku mörkin**
**19.45 NBA**
**21.30 Kareem: Minority of One**
**22.55 Domino's-deildin**
**00.30 NBA**

## SPORT 2

**11.00 Premier League**
**12.45 Premier League Review**
**13.40 Premier League**
**15.25 Messan**
**16.35 Football League Show**
**17.05 Domino's-deildin**
**18.40 Körfuboltakvöld**
**19.30 UEFA Champions League**
**21.10 NBA - All Star Game**
**23.15 UFC Now**

## GOLFSTÖÐIN

**08.45 Inside the PGA Tour 2016**
**09.10 Dell Match Play**
**15.10 Golfing World 2016**
**16.00 Arnold Palmer Invitational**
**18.00 Dell Match Play**

## STÖÐ 3

**09.35 Junior Masterchef Australia**
**10.15 Junior Masterchef Australia**
**11.00 Junior Masterchef Australia**
**11.40 Junior Masterchef Australia**
**12.25 Junior Masterchef Australia**
**13.10 Junior Masterchef Australia**
**13.55 Junior Masterchef Australia**
**14.40 Junior Masterchef Australia**
**15.25 Junior Masterchef Australia**
**16.10 Junior Masterchef Australia**
**16.50 Junior Masterchef Australia**
**17.35 Masterchef USA**
**18.20 Ravenswood**
**19.05 Guys with Kids**
**19.30 Community**
**19.55 First Dates**
**20.40 NCIS Los Angeles**
**21.25 Justified**
**22.10 Supernatural**
**22.55 Sons of Anarchy**
**00.00 Community**
**00.25 First Dates**
**01.10 NCIS Los Angeles**
**01.55 Justified**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Dóra könnuður**
**07.24 Mörgæsirnar**
**07.45 Tom and Jerry**
**07.50 Gulla og grænjaxlarnir**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Sumardalsmyllan**
**08.55 UKI**
**09.00 Skógardýrið Húgó**
**09.25 Latibær**
**09.48 Hvellur keppnisbíll**
**10.00 Ofurhundurinn Krypto**
**10.25 Brunabílarnir**
**10.47 Ævintýraferðin**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar**
**11.45 Gulla og grænjaxlarnir**
**11.55 Tom and Jerry**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Sumardalsmyllan**
**12.55 UKI**
**13.00 Skógardýrið Húgó**
**13.22 Latibær**
**13.45 Hvellur keppnisbíll**
**14.00 Ofurhundurinn Krypto**
**14.25 Brunabílarnir**
**14.49 Ævintýraferðin**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar**
**15.45 Gulla og grænjaxlarnir**
**15.55 Tom and Jerry**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Sumardalsmyllan**
**16.55 UKI**
**17.00 Skógardýrið Húgó**
**17.22 Latibær**
**17.45 Hvellur keppnisbíll**
**18.00 Ofurhundurinn Krypto**
**18.25 Brunabílarnir**
**18.49 Ævintýraferðin**
**19.00 Furðufuglar**

## GULLSTÖÐIN

**18.10 Raising Hope**
**18.35 Raising Hope**
**19.00 Friends**
**19.30 Veistu hver ég var?**
**20.15 It's Always Sunny in Philadelphia**
**20.40 Believe**
**21.25 Mind Games**
**22.10 Mr Selfridge**
**23.00 The Mentalist**
**23.45 Longmire**
**00.30 Veistu hver ég var?**
**01.15 It's Always Sunny in Philadelphia**
**01.40 Believe**
**02.25 Mind Games**
**03.10 Mr Selfridge**
**04.00 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**09.30 He's Just Not That into You**
**11.35 Eat Pray Love**
**13.50 The Secret Life of Walter Mitty** Ævintýraleg gamanmynd frá 2014 með Ben Stiller sem er bæði leikstjóri myndarinnar og fer með aðalhlutverkið. Myndin er endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1947. Myndin er byggð á smásögu bandaríska rithöfundarins og húmoristans James Thurber sem birtist fyrst í tímaritinu The New Yorker árið 1939. Sagan hefur allar götur síðan verið í hávegum höfð í bandarískum bókmenntum og er í dag flokkuð til meistaraverka. Þetta er sagan um hinn kurteisa en feimna Walter Mitty sem er vægast sagt dálítið utangátta í lífinu og litinn hornauga af ýmsum sem umgangast hann dags daglega.
**15.45 He's Just Not That into You**
**17.50 Eat Pray Love**
**20.05 The Secret Life of Walter Mitty**
**22.00 Djúpið**
**23.35 Hungry Hearts**
**01.25 The Guest**
**03.05 Djúpið**

## RÚV

**07.00 KrakkaRÚV**
**07.01 Kalli og Lóa**
**07.13 Pósturinn Páll**
**07.28 Vinabær Danna tígurs**
**07.41 Eðlukrúttin**
**07.52 Hæ Sámur**
**08.00 Friðþjófur forvitni**
**08.24 Kata og Mummi**
**08.35 Babar og vinir hans**
**08.57 Loppulúði, hvar ertu?**
**09.10 Kapteinn Karl**
**09.22 Skrekkur íkorni**
**09.45 Litli Prinsinn, III**
**10.09 Hrúturinn Hreinn**
**10.20 Fólkið í blokkinni**
**10.50 Í Hvergilandi**
**12.30 Monty Python á sviði**
**14.00 Söngvakeppnin í 30 ár**
**15.05 Íslendingar**
**15.50 Bækur og staðir**
**16.00 Passíusálmar Megasar**
**17.35 Bækur og staðir**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 KrakkaRÚV**
**18.03 Pósturinn Páll**
**18.18 Lundaklettur**
**18.26 Gulljakkinn**
**18.28 Drekar**
**18.50 Öldin hennar**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Íþróttir**
**19.25 Veður**
**19.35 Öldin okkar - Hundur í óskilum**
**21.25 Hvað er svona merkilegt við það?**
**22.45 Stríð og friður**
**00.15 Network**
**02.15 Víkingarnir**
**03.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 The Biggest Loser - Ísland**
**10.10 The Voice Ísland**
**11.40 Ævintýri Samma 2**
**13.15 Along Came Polly**
**14.45 The Voice**
**16.15 Twins**
**18.05 French Kiss**
**20.00 The Voice**
**21.30 Raising Helen**
**23.30 Bridget Jones: The Edge of Reason**
**01.20 Forgetting Sarah Marshall**
**03.15 Blues Brothers 2000**
**05.20 Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




FRÁBÆR SKEMMTIÞÁTTUR!

2 | 18:55
**BOMBAN**
Logi Bergmann stjórnar frábærum og stórskemmtilegum spurningaþætti þar sem hann etur saman tveimur skemmtilegum liðum. Í þessum þætti keppa þær tvær, Vala Kristín og Júlíana Sara á móti þeim Friðriki Ómari og Jógvan Hansen.

**FÖSTUDAGURINN LANGI**
Fáðu þér áskrift á **365.is** 365



2 | 19:45
**AMERICAN IDOL**
Stórskemmtilegir og sívinsælir þættir þar sem allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu. Dómnefndina skipa Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr. Kynnir er Ryan Seacrest.

2 | 21:20
**FAST FIVE**
Fyrrum löggan Brian O'Connor fer að vinna með fyrrum tugthúslimnum Dom Toretto á öfugum enda laganna. Mögnuð mynd með Paul Walker og Vin Diesel.




2 | 23:30
**FRANKIE OG ALICE**
Dramatísk mynd með Halle Berry og Stellan Skarsgård og fjallar um dansara sem glímir við margþættan persónuleika.



22:00
**DJÚPIÐ**
Mögnuð mynd Baltasars Kormáks sem byggir á sannri sögu og segir frá þeim einstæða atburði þegar sjómanni tókst að synda marga kílómetra til lands.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ



# Strigaskórinn
## ein skemmtilegasta hönnunarvara sem hægt er að kaupa

Sneaker-menningin virðist loksins hafa numið land á Íslandi ef eitthvað er að marka röðina sem myndaðist nú á dögunum í tengslum við sölu tískuverslunar á skóm hönnuðum af Kanye West. Fréttablaðið ákvað að skoða fyrirbærið og ræddi við tvo málsmetandi einstaklinga í þessum geira.

Nú virðist sem strigaskór séu aftur komnir í tísku eftir að hafa verið lítið áberandi síðustu árin. Erlendis hafa þessir skór verið afar vinsælir og gengið kaupum og sölum í að verða tvo áratugi eða allt frá því að Air Jordan setti í fyrsta sinn á markað skó sem ekki voru ætlaðir til íþróttaiðkunar. Úti í heimi myndast jafnan langar raðir fyrir utan verslanir þegar vinsælar týpur koma í sölu en slíkt hefur ekki tíðkast hér á landi. Þetta breyttist þó fyrir um mánuði, þegar það myndaðist röð fyrir utan tískuvöruverslunina Húrra Reykjavík í tengslum við sölu verslunarinnar á skónum Yeezy Boost 350 frá Adidas og mun það vera í fyrsta sinn sem slíkt á sér stað hér á landi.

**Rapptónlist uppsprettan**

Logi Pedro Stefánsson, tónlistarmaður og tískufrömuður, safnar strigaskóm og spurður um ástæðuna fyrir því að þessir skór eru eins eftirsóttir og raun ber vitni segir hann: „Strigaskórinn er ein skemmtilegasta hönnunarvara sem hægt er að kaupa. Strigaskórinn hefur verið partur af tískustraumum síðustu áratuga og poppkúltúr almennt. Allt frá því að það var stigið á glænýja Nike Jordan 4s í klassískri '90s mynd Spike Lee, Do The Right Thing, og að nútímanum þar sem tónlistarmaðurinn Kanye West fær fólk til þess að tjalda í Everest-aðstæðum marga daga í röð til þess að eignast par með hans hönnun.“

En hver er ástæðan fyrir því að þessi tíska hefur verið að sækja í sig veðrið síðustu misseri? „Þetta tengist uppreisnæru rapptónlistar í vestrænum kúltúr. Strigaskór hafa verið ein helsta tískuvara svartra Ameríkumanna síðustu áratugi. Og er því ekki furða að þegar rapptónlist er orðin meira samþykkt í vestrænum heimi að þessi tískuáhugi smitist lengra áfram. Öll helstu tískuhús heimsins hafa t.d. verið með strigaskó í sínum fatalínum síðustu ár.“

**Milljarðs dollara bransi**

Endursölumarkaður með strigaskó er metinn á um milljarð dollara en ekki hefur mikið borið á því að slík viðskipti séu stunduð hér á landi. Það mátti þó sjá nokkrar auglýsingar á sölusíðunni Brask og brall á Facebook nú á dögunum, þar sem nokkrir aðilar freistuðu þess að selja Yeezy Boost-skóna sína. Þar voru skórnir þó búnir að hækka töluvert í verði; fóru úr tæpum 30 þúsund krónum í yfir 100 þúsund krónur.

Björn Geir Másson er búsettur í Bandaríkjunum og þekkir nokkuð vel inn á endursölumarkaðinn. Hann vinnur í verslun sem sérhæfir sig í endursölu á strigaskóm. Verslunin kaupir skó af fólki, oftast skó sem hafa aldrei verið notaðir, og selur þá síðan aftur á örlítið hærra verði. Starf hans felur meðal annars í sér að vega og meta ástand skópara sem koma inn til sölu, ganga úr skugga um hvort þau séu nokkuð fölsuð og ákveða út frá því hvaða verð fólk fær síðan fyrir skóna. Þar skiptir miklu máli að vera meðvitaður um verðmæti parsins og finna sanngjarnt verð út frá því. Björn segir verð geta verið allt frá 200-300 dollurum (25-40 þúsund krónum) og yfir í 7.000 dollara (tæpar 900 þúsund krónur) en það kostuðu dýrustu skórnir sem hann persónulega hefur fengist við – verðið getur farið upp í margar milljónir en dýrustu Air Jordan-skór allra tíma seldust á um 12 milljónir króna. Það er því alveg ljóst að í þessum bransa eru miklir peningar. – sþh





Logi Pedro Stefánsson tónlistarmaður er sérfræðingur um tísku. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> UM DAGINN FÉKK ÉG Í HENDURNAR JORDAN-SKÓ SEM KOSTA U.Þ.B. EINA MILLJÓN KRÓNA.
>
> Björn Geir Másson, sneaker-sölumaður

## Sneaker orðabók

**Sneakerhead**
**SKÓAÐDÁANDI** Sá sem safnar strigaskóm og fylgist mjög náið með öllu sem gerist í bransanum.

**Deadstock**
**GEYMSLUPAR**
Hugtak úr endursölu. Notað um skó sem hafa aldrei verið notaðir. Fyrir geymslupar fæst ávallt hærra verð en fyrir hið notaða par.

**Holy grail**
**HIÐ HEILAGA GRAL**
Oftast sjaldgæft eða óvenjulega fallegt par sem skóaðdáandinn hefur að sínu hinsta markmiði að eignast.

**Beater**
**BARNINGSPAR**
Par sem er ætlað í daglega notkun, má skemmast og fær oft að finna fyrir því.

**Colorway**
**LITASAMSETNING**
Hver týpa kemur í nokkrum litasamsetningum sem hafa allar sinn titil t.d. „Cement Grey“, „Bred“, „Gamma Blue“.

**Hypebeast**
**TÍSKUSKRÍMSLI**
Uppnefni á fólk sem eltir einungis það sem er í tísku á hverjum tíma og lítur ekki við öðru. Það má telja líklegt að í röðinni fyrir utan Húrra hafi nokkur tískuskrímsli verið saman komin.

**OG**
**UPPRUNAPAR** Upprunalegt par, fyrsta útgáfa af skó. Allir safnarar vilja næla sér í a.m.k. eitt upprunapar.

**Retro**
**ENDURÚTGÁFA**
Endurútgefið par af tiltekinni skógerð. Það er sífellt verið að endurframleiða vinsæla skó og oft myndast mikil spenna í kringum það.

## Hvaða skór eru vinsælir meðal safnara?



**HLAUPASKÓR**

**Alls konar hlaupaskór eru eftirsóttir af söfnurum, t.d. New Balance, Asics, Nike og Adidas-skór bæði í endurútgáfum sem og nýjum gerðum. Yeezy Boost-skórnir hans Kanye West eru í grunninn hlaupaskór þó svo að það verði að teljast ólíklegt að skóaðdáendur muni nota þá í ræktinni.**



**DESIGNER SKÓR**

**Dýrar gerðir af strigaskóm sem eru hannaðar af helstu tískufatahönnuðum heimsins. Þetta eru t.d. skór frá Balenciaga, Gucci og Yves Saint Laurent.**



**KÖRFUBOLTASKÓR**

**Körfuboltaskólína Michaels Jordan er líklega sú vinsælasta í bransanum. Til er aragrúi af útgáfum og litum en almennt eru verðmætustu skórnir í Air Jordan-línunni týpurnar sem Jordan sjálfur spilaði í á ferli sínum. Einnig má í þessu samhengi nefna skólínur Lebrons James, Kobe Bryant og Kevins Durant.**

# ÁLNAVÖRUBÚÐIN
## Hveragerði

Best geymda leyndarmálið...

Við sendum hvert á land sem er

## Opnunartími um páska

Skírdagur 10-18 - Föstudagurinn langi LOKAÐ - Laugardagur 10-18 - Páskadagur LOKAÐ - Annar í páskum 12-18

Páskaeggjaleit á laugardaginn, yfir 90 smápáskaegg falin víðsvegar um búðina!



Zhenzi Túnika
Verð: 7995 kr



Zhenzi Peysa
Verð: 9995 kr



Zhenzi Skyrta
Verð: 9995 kr



Zhenzi Skyrta
Verð: 5495 kr

**SKECHERS** skór í miklu úrvali, á dömur, herra og börn!



Skechers Verð: 11995 kr | Skechers Verð: 10995 kr | Skechers Verð: 10995 kr | Skechers Verð: 11995 kr | Skechers Verð: 11995 kr | Skechers Verð: 11995 kr



Skechers Verð: 11995 kr | Skechers Verð: 11995 kr | Skechers Verð: 10995 kr | Skechers Verð: 10995 kr | Skechers Verð: 11995 kr | Skechers Verð: 11995 kr



Skechers Verð: 8995 kr | Skechers Verð: 6995 kr | Skechers Verð: 6995 kr | Skechers Verð: 7995 kr | Skechers Verð: 6995 kr | Skechers Verð: 7995 kr | Skechers Verð: 8995 kr



DIDRIKSONS Stígvél
Verð: 4495 kr



North Rock Dúnjakki
Stærðir 4-12 ára
Verð: 10995 kr





Kangaroos
Verð: 6495 kr












Erna er hætt að blogga í bili og er farin að starfa sem vörumerkjastjóri hjá Ölgerðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hættir á toppnum

**Erna Hrund Hermannsdóttir** hefur verið einn vinsælasti lífsstílsbloggari landsins síðustu ár. Í fyrra heimsóttu 150 þúsund manns síðu Ernu. Hún er hætt að blogga og snýr sér að öðrum verkefnum.

Þegar ég ýtti á „publish“ á síðustu færslunni þá fór ég að gráta. Þetta var spennufall, þetta er búið að vera svo stór hluti af lífi mínu undanfarin ár en nú tekur nýtt við,“ segir Erna Hrund Hermannsdóttir sem hefur haldið úti einu vinsælasta lífsstílsbloggi landsins undanfarin ár. Erna hefur nú ákveðið að kveðja bloggið í bili og skrifaði sína síðustu bloggfærslu á Trendnet.is í vikunni. Erna byrjaði að blogga árið 2011. Vinsældir hennar í netheimum jukust hratt og segir hún margt hafa breyst frá því hún hóf bloggferilinn.

Færslur Ernu hafa vakið mikla athygli og í fyrra heimsóttu 150 þúsund notendur síðuna hennar. Það var því ekki auðveld ákvörðun að hætta með síðuna. „Mér finnst ég vera hætta á toppnum. Ég hef alltaf sagt að þegar mér færi að finnast þetta leiðinlegt eða kvöð þá myndi ég hætta. Ég var ekki komin á þann stað, bloggið var mjög vinsælt og mér fannst þetta enn gaman. Þetta var margþætt ákvörðun, bæði vegna þess að ég er komin í nýja vinnu þannig að ég hef minni tíma og svo fannst mér líka bara vera kominn tími á nýjar áskoranir, ný tækifæri og ný ævintýri,“ segir Erna, sem er orðin vörumerkjastjóri sérvöru hjá Ölgerðinni.

**FÓLK ER ENN AÐ STOPPA MIG ÚTI Á GÖTU OG ÞAKKA MÉR FYRIR AÐ HAFA TALAÐ UM ÞETTA.**

Þrátt fyrir að henni hafi fundist skemmtilegt að halda blogginu úti þá neitar hún því ekki að það hafi tekið frá henni talsverðan tíma. Hún taki þetta alla leið og geri hlutina vel. Hún hélt einnig úti vinsælum Snapchat-aðgangi sem hún hefur einnig lokað. „Maðurinn minn er feginn því hann þarf ekki lengur að taka myndir af mér í hvert skipti sem við förum út að borða,“ segir hún hlæjandi. „Mér hefur alltaf fundist þetta ótrúlega skemmtilegt en fann að það var kominn tími til að breyta til. Mér fannst ég frjáls þegar ég var búin að taka þessa ákvörðun og langar eiginlega bara að hverfa í smá tíma núna.“

Hún hefur líka fengið sinn skerf af gagnrýni en segist ekki hafa tekið það inn á sig. „Þetta var stundum alltof mikil athygli en ég vandist því mjög hratt. Það var leiðinlegt að fá neikvæða athygli en það fylgir þegar maður gefur færi á sér. Mér fannst samt leiðinlegt þegar fólk ákvað að ég væri svo merkileg með mig eða eitthvað slíkt. Samfélagið þrífst svo oft á neikvæðni og að tala niður til fólks. Ég fann að þetta var farið að hafa áhrif á mig og bloggið þannig að ég ákvað að að hætta hlusta á þetta, reyna að vera jákvæðari og hrósa. Ég er líka bara venjuleg tveggja barna móðir sem nennir ekki að taka til,“ segir hún hlæjandi.

Erna hefur mest skrifað um snyrtivörur en hún hefur þó einnig leyft fólki að fylgjast með sínu persónulega lífi og skrifað um hluti sem hafa verið hálfgerð tabú. „Ég ákvað að nota bloggið til þess að koma af stað ákveðnum umræðuefnum í samfélaginu. Ég sá tækifæri til þess að breyta einhverju. Tala um fæðingarþunglyndi, fósturlát og slit eftir barnsburð,“ segir hún en síðastnefnda færslan vakti mikla athygli. „Fólk er enn að stoppa mig úti á götu og þakka mér fyrir að hafa talað um þetta. Það vildi enginn tala um þessa hluti en í kjölfarið varð mikil umræða og vitundarvakning gagnvart þessu.“

Erna segist vera þakklát fyrir reynsluna og tækifærin sem hún hafi fengið undanfarin ár. „Þetta hefur verið ótrúleg reynsla og ég hef fengið mikið af samböndum í gegnum þetta.“ Hún segir líklegt að það komi yfir hana mikil bloggþörf einhvern tíma. „Þá hendi ég bara í rosalega langan Facebook- status,“ segir hún hlæjandi og bætir við: „Svo er aldrei að vita nema mig langi að fara aftur að blogga eftir 20 ár og þá bara geri ég það.“ **viktoria@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# LAGERSALA

allt að 70% afsláttur

að Víkurhvarfi 2, Kópavogi

# SIXMIX
SKÓR

NORTH ROCK
ÚTIVISTAR- & ÍÞRÓTTAFATNAÐUR




TAMARIS 9.000 kr
TAMARIS 9.000 kr
TAMARIS 7.000 kr
TAMARIS 7.500 kr
SIXMIX ~~23.990~~ kr 13.000 kr
SIXMIX ~~29.990~~ kr 15.000 kr




SIXMIX ~~20.990~~ kr 12.000 kr
SIXMIX ~~19.990~~ kr 10.000 kr
SIXMIX ~~21.990~~ kr 12.000 kr
PIANO ~~19.990~~ kr 8.000 kr
Jessie Girl ~~8495~~ kr 4.500 kr
Jessie Girl ~~8495~~ kr 4.500 kr




IMAC Dömu 11.990 kr 7.000 kr
IMAC Dömu ~~11.990~~ kr 7.000 kr
Strigaskór 4.000 kr
VIOX barnaskór 3.000 kr
Fleiri gerðir til




ECCO herraskór 11.500 kr
ECCO herraskór 10.500 kr
ECCO herraskór 11.500 kr
SIXMIX Herra ~~17.990 kr~~ 9.000 kr
Sportskór 5.000 kr
Sportskór 5.000 kr




Northen Horses Reiðskór 10.000 kr
SIXMIX Herra ~~18.990~~ kr10.000 kr
SIXMIX Herra ~~23.990~~ kr 14.000 kr
SIXMIX Herra ~~23.990~~ kr 14.000 kr
IMAC Herra ~~14.990~~ kr 9.000 kr
IMAC Herra ~~11.990~~ kr 7.000 kr



Flísjakkar 6.000 kr
Útivistarbuxur 9.000 kr
Dúnjakkar NÝTT 13.000 kr
Kuldaúlpa 9.000 kr
Dúnjakkar 15.500 kr
Parka úlpa NÝTT 21.000 kr
Kuldagallar NÝTT 12.000 kr

OPNUNAR TÍMI

SKÍRDAGUR KL.12-16
LAUGARDAGUR KL.12-16
ANNAR Í PÁSKUM KL.12-16

A.T.H. síðustu dagar!

að Víkurhvarfi 2, Kópavogi



# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005
Póstdreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Frosta Logasonar




## Hraðleið í paradís

Ég á í reglulegum samskiptum við fólk sem kallast getur heittrúað. Fólk sem neitar að horfast í augu við augljósar staðreyndir eins og þróunarkenningu Darwins, vísindalegar rannsóknir mega fara fjandans til, eingöngu vegna þess að þær stangast á við heilagt orð guðs.

**Þetta fólk segir allt úr Nýja testamentinu vera frábært, yfir allan vafa hafið og þaðan komi allur sá kærleikur sem mannskepnan þekkir. Þetta sama fólk telur sig ekki gera neitt rangt þegar það bendir á að samkynhneigð sé synd. Við erum ekki vond þó að við predikum orð guðs. Það er ekki okkur að kenna að samkynhneigðir stytti sér aldur.**

**Þetta fólk telur sig vera göfugt í vörn sinni fyrir algóðan og heilagan guð. Rök og gagnrýnin hugsun mega sín oft lítils andspænis trúarhitanum. Hann er magnað fyrirbæri. Ung kona sem ég tala reglulega við um þessi mál stendur öðrum framar í trúnni. Sannkallaður hermaður guðs. Áfram Kristsmenn krossmenn og allt það.**

**Ef Nýja testamentið mundi hvetja fylgjendur sína til að berjast með öllum tiltækum ráðum við þá sem ekki trúa á Nýja testamentið, tel ég að þessi unga kona væri til í tuskið hvenær sem er. Ef þar væri svo lofað hraðleið til himnaríkis, á fyrsta farrými, þeim sem deyja í orrustu við trúvillinga, væri vinkonan fyrir löngu síðan sprungin í tætlur á samkomu Siðmenntar eða Vantrúar.**

**En, sem betur fer hefur margs konar mannréttindabarátta á Vesturlöndum dregið úr trú hennar allar beittustu tennurnar. Og sem betur fer er engum lofað einu né neinu fyrir að deyja í heilögu stríði við okkur trúvillingana. Guði sé lof fyrir það.**








